


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Híbýli og viðhald






FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MÁNUDAGUR

7. júní 2010 — 131. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



**Með tvo í takinu**

*Cheryl Cole hefur ekki gefið ástalífið upp á bátinn.*

**fólk** 18

**Heiðmörk 60 ára**

*Vígð sem friðland og skemmtigarður Reykvíkinga.*

**tímamót** 14



**Sigrar hjá Fram og ÍBV**

*Fram og ÍBV eru í öðru og þriðja sæti Pepsi-deildarinnar eftir útisigra í gær.*

**íþróttir** 22

**veðrið í dag**




**BJARTAST Í INNSVEITUM** Í dag verður austlæg eða breytileg átt, víða 3-8 m/s en hvassara allra syðst. Búast má við lítilsháttar vætu sunnanlands en annars verður fremur þurrt í veðri.

**veður** 4

# Skattaafsláttur gagnast sprotafyrirtækjum lítið

**Fjárfesting í nýsköpunarfyrirtækjum er áhættufjárfesting. Draga má úr henni með kaupum í fjárfestingarsjóði. Margir hluthafar geta flækt rekstur lítilla sprotafyrirtækja, segir sérfræðingur Rannís.**

**VIÐSKIPTI** Skattaafsláttur einstaklinga vegna kaupa á hlutafé í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum skilar litlu. „Þetta kerfi er meingallað," segir Eggert Claessen, framkvæmdastjóri fjárfestingasjóðsins Frumtaks. Hann gagnrýndi afsláttinn harðlega í málstofu Kauphallarinnar í síðustu viku og sagði um of lágar upphæðir að ræða. Farsælla væri að veita afslátt vegna kaupa í sjóðum, sem fjárfesti í nokkrum fyrirtækjum.

Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, segir mikla áhættu felast í kaupum á hlutafé sprotafyrirtækja og því hefði verið farsælla að veita fólki afslátt vegna fjárfestinga í sjóðum sem fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Slíkt var í gildi fyrir rúmum áratug og hleypt lífi í hlutabréfamarkaðinn. Hún bendir á að þegar frumvarpið var til umræðu í nefnd hafi margir lagt slíkt til. „Ég sá fyrir mér sjóð sem fjárfestir í nokkrum fyrirtækjum en er lokaður í nokkur ár," segir Helga.

Lög um skattaafslátt vegna kaupa á hlutafé í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum tóku gildi á nýársdag. Þau fela í sér að einstaklingar geta fengið að hámarki þrjú hundruð þúsund króna skattaafslátt vegna kaupa á hlutafé nýsköpunarfyrirtækja og hjón tvöfalt meira. Fjárfestingin þarf að vera bundin í þrjú ár. Aðeins er um að ræða þátttöku í hlutafjáraukningu nýsköpunarfyrirtækja sem fengið hafa staðfestingu hjá Rannís.

Magnús Stefánsson, fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins, er sérfræðingur hjá Rannís og vinnur að innleiðingu laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Hann segir flesta umsagnaraðila hafa bent á sjóðaleiðina en kann ekki skýringu á því hvers vegna sú leið var ekki farin.

Magnús hefur eftir stjórnendum sprotafyrirtækja að núverandi fyrirkomulag geti flækt rekstur fyrirtækjanna, það dragi úr flækjustiginu að hafa einn sjóð í hluthafahópnum heldur en allt upp undir hundrað manns sem tekið hafi þátt í hlutafjáraukningu fyrirtækisins. „Ég held að það skili meiri árangri að hafa sjóðafyrirkomulag. Það er betra að hafa einn sjóð í hluthafahópnum í stað fimmtíu til hundrað einstaklinga."

Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki verða endurskoðuð undir lok næsta árs.

- jab




**NÖTURLEGT YFIR AÐ LÍTA** Askan liggur yfir öllu í Þórsmörk og sums staðar hvergi grænan blett að sjá. Óvíst er hversu lengi gróður verður að jafna sig og ljóst að mikið hreinsunarstarf er framundan í þessari ferðamannaparadís. MYND/HELEN MARÍA

Búist við öskufoki næstu árin:

## Þórsmörk er víða öskugrá

**UMHVERFISMÁL** Öskulag eftir gosið í Eyjafjallajökli er yfir öllu í Þórsmörkinni. Ferðamenn sem voru þar í gær þurftu að moka af borðum til að setjast og fá sér bita.

Búast má við að aska fjúki af gríðarstóru svæði næstu tvö til þrjú árin, eða allt að fjórum prósentum af flatarmáli landsins. Þetta segir Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri. Hann setur þó fyrirvara við það hvenær foki ljúki, því engin reynsla sé af öðru eins.

„Enginn mannlegur máttur getur stöðvað fokið frá þessum svæðum, heiðunum og í afréttum, en ég legg áherslu á að við drögum úr vanda íbúanna á svæðunum sem hafa orðið verst úti og styrkjum gróður í byggð," segir Sveinn.

- kóp / sjá síðu 6




Víðlesið hommablað segir Heru Björk hafa verið rænda sigri í Eurovison:

## Boðið á Gay Pride í fjórum borgum

**FÓLK** Blaðamaður eins stærsta hommablaðs heims, Gaytimes, fullyrðir á bloggi blaðsins að Hera Björk hafi verið rænd sigrinum í Eurovision. Íslenska söngkonan sé þar að auki eitt það besta sem hafi komið fyrir samkynhneigða menningu og tónlist.

Íslenska framlagið, Je Ne Sais Quoi, hafnaði í nítjánda sæti í Eurovision og sú niðurstaða olli nokkrum vonbrigðum enda hafði laginu verið spáð góðu gengi. Bob Henderson hjá Gay Times segir að Ísland hafi liðið fyrir kunningsskap og fólk hafi frekar hlustað á lélega brandara um landið en lagið sjálft.

Hera Björk sjálf segir mikið líf eftir 19. sætið. Hún hafi fengið feikileg viðbrögð í gegnum heimasíðu sína, ekki bara frá samkynhneigðum karlmönnum, heldur líka heimavinnandi húsmæðrum sem hafi séð ný tækifæri vegna framgöngu hennar. Hera mun troða upp á risastórri tónlistarhátíð í Holland um næstu helgi en hefur þar að auki verið boðið að troða upp í Gay Pride-göngum í Berlín, Munchen, Svíþjóð og New York.

- fgg / sjá síðu 26






**SPURNING DAGSINS**



*„Kristín, er Leiðsögumannaskólinn áttavilltur?“*

„Nei, við erum á réttri leið.“

Endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands sagði í Fréttablaðinu um helgina Leiðsöguskólann við Menntaskólann í Kópavogi villa um fyrir fólki og segja námið á háskólastigi. Kristín Hrönn Þráinsdóttir er umsjónarmaður Leiðsöguskólans.

Forsætisráðherra hafði ekkert að segja um launakjör seðlabankastjóra:

# Svaraði ekki skeytum Más

**STJÓRNMÁL** Forsætisráðherra ræddi við fjóra umsækjendur um stöðu seðlabankans, þar á meðal við Má Guðmundsson, skömmu áður en gengið var frá skipun í embættið í júní í fyrra. Launamál voru ekki rædd. Þetta segir í yfirlýsingu sem Jóhanna Sigurðardóttir sendi frá sér í gær. Þar vísar hún því á bug að hún hafi komið að ákvörðun um laun Más.

Í yfirlýsingunni kemur fram að ekki hafi verið á verksviði forsætisráðuneytis að ákveða laun seðlabankastjóra eða gefa fyrirheit, vilyrði og loforð um launakjör. Gögn um málið voru lögð fram í efnahags- og skattanefnd Alþingis.

Á meðal gagnanna eru tölvupóstssamskipti en Már Guðmundsson seðlabankastjóri sendi Jóhönnu tölvupóst í júní í fyrra þar sem hann reifaði sjónarmið varðandi mögulega launalækkun. Lækkunin var í samræmi við lög um kjararáð, sem kveða á um að forstjórar og forstöðumenn ríkisstofnana hafi ekki hærri mánaðarlaun en forsætisráðherra. Seðlabankastjóri er þar á meðal. Skeyti Más var ekki svarað. **- jab**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Forsætisráðherra vísar því á bug að hún hafi komið að ákvörðun um launakjör seðlabankastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hver aðgerð kostar milljón:

# Fjórir fara í kynskiptiaðgerð

**HEILBRIGÐISMÁL** Tveir Íslendingar skipta um kyn í dag. Þá gengust tveir Íslendingar undir kynskipti-aðgerð í gær. Frá þessu var greint í fréttum Stöðvar 2.

Allar aðgerðirnar fjórar eru gerðar af einum færasta sérfræðingi Norðurlandanna á þessu sviði, Gunnari Krants frá Svíþjóð. Jens Kjartansson, lýtalæknir og yfirlæknir á Domus Medica, tekur einnig þátt í aðgerðunum.

Áætlað er að hver aðgerð kosti um eina milljón króna. **- rat**

Línur lagðar fyrir leiðtogafund:

# Vilja koma í veg fyrir hrun

**EFNAHAGSMÁL Timothy Geithner, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, vill auka gagnsæi og setja fram hertar kröfur um eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækja.**



**TIMOTHY GEITHNER**

**Fjármálaráðherrar tuttugu stærstu iðnríkja heims funduðu um framtíð fjármálamarkaða í Suður-Kóreu um helgina og stilltu saman strengi sína fyrir leiðtogafund iðnríkjanna í Kanada síðar í mánuðinum.**

**Breska dagblaðið Telegraph segir reiknað með að á fundinum verði efnahagsmál Evrópu í brennidepli og forvarnir ræddar til að koma í veg fyrir að lönd lendi í alvarlegum skuldavanda.** **- jab**

Stjórnarmyndun í Hafnarfirði:

# Jafnvel meirihluti á morgun

**HAFNARFJÖRÐUR** „Við munum greina frá niðurstöðum okkar á morgun eða miðvikudag,“ segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, oddviti Vinstri grænna en viðræður VG og Samfylkingar um myndun nýs meirihluta í Hafnarfirði hófust fyrir helgina.



**GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR**

Flokkarnir munu funda í dag og fara meðal annars yfir verkaskiptingu. Guðrún Ágústa segir enga teljandi hnökra vera á viðræðunum. „Þetta er allt á eðlilegu róli og meira spurning um fínpússningu.“ Ekki er ljóst hver mun fara með embætti bæjarstjóra. **- rat**

# Fiskur alinn á korni

**Ráðgert er að koma á fót hlývatnseldi á Flúðum. Alinn verður beitarfiskur sem oft er kallaður „kjúklingur hafsins“, vegna vinsælda á mörkuðum. Fiskurinn er alinn á korni og vex með undrahraða. Eldið gæti skapað fjölda nýrra starfa.**

**FISKELDI** Til stendur að hefja hlývatnseldi á svokölluðum beitarfiski á Flúðum. Tegundin er afar vinsæll matfiskur víða um heim og er um stærstu fiskeldistegund heims að ræða. Eldið er hluti af uppbyggingu á orkufrekum matvælaiðnaði á svæðinu.

Hrunamannahreppur, Íslensk matorka ehf. og Matís ohf. undirrituðu í síðustu viku viljayfirlýsingu um uppbygginguna á Flúðum sem meðal annars felur í sér eldi á tílapíu, hvítum matfiski sem kallaður er beitarfiskur hérlendis. Tegundin er orðin stærsta eldistegund heims en milljónir tonna eru komnar inn á markaði, og eru Kínverjar þar stærstir.

Stefanía Katrín Karlsdóttir, forsvarsmaður hjá Íslenskri matorku, segir möguleikana mikla. Áhugi sé á að vinna með innlendum ræktendum til að vinna fóður fyrir fiskinn. „Fóðrið sem fyrir er á markaðnum er dýrt og hugsað fyrir laxfiska. Það er til dæmis verið að rækta repju með góðum árangri og í Árnessýslu eru ræktaðar prótínríkar baunir sem gætu nýst okkur.“ Til að fóðra beitarfisk með góðum árangri þarf fóðrið að innihalda ákveðinn hluta af prótíni og kolvetnum, og ýmsar korntegundir henta því til eldisins.

Eldið byggir á nýtingu á volgu vatni sem nóg er af á Flúðum. „Á Flúðum var borað fyrir köldu vatni en það skilar sér volgt vegna þess að berglögin hita það upp. Hitastig vatnsins hentar afar vel til eldis á beitarfiski og það má því segja að volga kaldavatnið á Flúðum hafi vakið áhuga okkar.“

Annað sem skiptir miklu máli er hversu hraðvaxta fiskurinn er. Beitarfiskur vex frá seiði upp í sláturstærð á aðeins sex mánuðum. Til samanburðar tekur 27 mánuði að ala bleikju í sláturstærð og þorsk allt að því fjögur ár. Beitarfiskur keppir víða við þorsk á hvítfiskmörkuðum, svo forskotið dylst engum.

Unnar hafa verið prófanir á bragði, geymslu og fóðrun beitarfisks hjá Matís. Stefanía segir að geymsluþolið sé gott og því henti fiskurinn vel ferskur á Evrópumarkað. „Það er okkar forskot á fiskinn frá Kína því hann kemst ekki ferskur á þann markað nema með miklum tilkostnaði.“

svavar@frettabladid.is



**BEITARFISKUR** Hold beitarfisksins er ekki bragðmikið sem hentar vel til matreiðslu fjölda rétta. Það skýrir vinsældir auk þess sem hann er mun ódýrari en margur annar hvítfiskur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Beitarfiskur - „kjúklingur hafsins.“**

- Meðan það þarf fjögur kíló af uppsjávarfiskum til þess að framleiða hvert kíló af eldislaxi þá þarf átta kíló af grasmeti til þess að framleiða hvert kíló af beitarfiski.
- Fiskurinn er hlýsjávarfiskur og þolir vel súrefnissnautt vatn. Það opnar möguleikana fyrir gríðarlegt eldi við skilyrði sem ekki væri hægt að bjóða nokkurri annarra fisktegund.
- Til marks um aðlögunarhæfni beitarfisksins má nefna að hann hefur verið sendur út í geiminn og þreifst þar vel þrátt fyrir þröngan kost.



**HVOLVÖLLUR** Öskufall hefur gert íbúum Hvolsvallar sem og öðrum erfitt fyrir síðustu vikurnar.

Von á vætu síðar í vikunni:

# Ekki líkur á miklu öskufoki

**VEÐUR Vindáttir verða hagstæðar með tilliti til öskufalls í dag og næstu daga, samkvæmt upplýsingum Veðurstofunnar.**

**Á miðvikudag er búist við suðvestlægri átt og að eitthvað þykkni upp, þó ekki með úrkomu en á fimmtudag verður afgerandi sunnanátt og rigning.**

**Askan mun því fjúka norður yfir landið þar sem langt er í byggð og rigningin mun hefta öskuna á leiðinni. Síðdegis á fimmtudag breytist svo í suðvestlægar áttir og þá er von á öskufalli fyrir austan. Á föstudag verða norðvestlægar áttir ríkjandi. Askan fýkur þá suðaustur á bóginn, yfir Eyjafjallasveit en á laugardag er útlit fyrir að komi önnur skil með sunnanátt og vætu.** **- rat**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Heimilisofbeldi í Hafnarfirði

Karlmaður á fimmtugsaldri skallaði sambýliskonu sína í fyrrinótt og veitti henni áverka á höfði. Lögregla var kölluð til en meiðsli konunnar voru ekki talin alvarleg og kvaðst hún sjálf ætla að leita sér hjálpar.

## Slegist í Bolungarvík

Tuttugu manns slógust í Bolungarvík í fyrrinótt. Lögreglan skakkaði leikinn og enginn slasaðist alvarlega. Einn var handtekinn.


*Hafðu samband*
sími 444 7000 ⁕ arionbanki.is

Sparaðu og *minnkaðu* gluggapóstinn

Frá og með 1. júlí hættir bankinn að senda út greiðsluseðla á pappírsformi til viðskiptavina. Með rafrænum viðskiptum getur þú sparað umtalsverða upphæð og dregið stórlega úr pappírsnotkun.

Leggjum okkar af mörkum við að vernda umhverfið.

Arion banki


Dönsk stjórnvöld tryggja innstæðueigendum ríkisábyrgð fari bankar í þrot:

# Opnað fyrir inngrip ríkisins

**DANMÖRK** Danska þingið samþykkti í vikunni ný lög um viðbúnað banka og ríkis fari svo að stórir bankar lendi í alvarlegum fjárhagsvandræðum.

Nýtt fyrirkomulag tekur gildi 1. október í haust, þegar bráðabirgðafyrirkomulag vegna heimskreppunnar rennur úr gildi. Samkvæmt nýju lögunum verður til frambúðar opið fyrir þann möguleika, að stefni bankar í þrot taki ríkið við rekstri þeirra og geri upp reikningana.

Að öðru leyti tekur gamla fyrirkomulagið gildi á ný, en samkvæmt því eiga bankarnir sjálfir að standa straum af almennu innstæðutryggingakerfi.

Fjárhæðin, sem tryggð er, verður þó hækkuð úr 375 þúsund dönskum krónum upp í 750 þúsund, en það samsvarar rúmum 15 milljónum íslenskra króna.




**ROSKILDE BANK** Fór í þrot í ágúst 2008 og er undir slitastjórn ríkisins. NORDICPHOTOS/AFP

Lög um fulla ríkisábyrgð á innistæðum í dönskum bönkum voru sett 10. október 2008, þegar heimskreppan hafði skollið á af fullum þunga. Samkvæmt þeim lögum rennur ríkisábyrgðin út 30. september 2010. **- gb**

## Er fjölskyldan þín í öruggum höndum?



| | |
|---|---|
| **LÍFEYRISTRYGGINGAR** | **BARNATRYGGINGAR** |
| **SLYSATRYGGINGAR** | **LÍFTRYGGINGAR** |

## **Persónutryggingar Allianz** – fyrir þig og þína



**Allianz**
– fyrir alla fjölskylduna

Allianz Ísland hf. | Digranesvegi 1 | 200 Kópavogi | 595 3300 | allianz@allianz.is | allianz.is

## GENGIÐ 04.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,55 | 129,17 |
| Sterlingspund | 188,42 | 189,34 |
| Evra | 156,41 | 157,29 |
| Dönsk króna | 21,019 | 21,141 |
| Norsk króna | 19,887 | 20,005 |
| Sænsk króna | 16,403 | 16,499 |
| Japanskt jen | 1,3864 | 1,3946 |
| SDR | 187,83 | 188,95 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 213,2596

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Innan við hundrað strikuðu yfir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Jón Gnarr:

# Oftast strikað yfir Gísla Mart-

**STJÓRNMÁL** Tæp nítján prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins, 3.776 manns, strikuðu yfir eða færðu til nafn Gísla Marteins Baldurssonar, sem var í fimmta sæti listans.

Giltu sömu reglur um útstrikanir í sveitarstjórnarkosningum og gilda í alþingiskosningum hefði Gísli fallið niður um sæti og ekki náð að tryggja sér áframhaldandi setu í borgarstjórn.

„Fimmta mann á lista, sem næði fimm sætum í alþingiskosningum, þurfa 14,3 prósent kjósenda listans að strika yfir til að lækka hann um sæti,“ segir Þorkell Helgason kosningasérfræðingur; að því gefnu að stuðningsmenn fimmta mannsins beittu ekki mótleik, svo sem að strika út þann fjórða.

Júlíus Vífil Ingvarsson, í öðru sæti sama lista, strikuðu um fimm prósent út, en sárafáir strikuðu yfir nafn oddvitans Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, eða 81 af tuttugu þúsund kjósendum.

Í öðrum flokkum var hlutfallslega mest strikað yfir nafn Sóleyjar Tómasdóttur, 356 manns, eða 8,4 prósent gerðu það.

Fimm prósent, 580 kjósendur, strikuðu yfir Dag B. Eggertsson í Samfylkingu.

0,4 prósent strikuðu út Jón Gnarr Kristinsson, eða 77 manns. - kóþ



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON** Gísli er sá frambjóðandi í borgarstjórnarkosningunum sem flestir strikuðu út eða færðu til á lista, eða 3.776 manns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Formaður Sjálfstæðisflokks:

## Þrýstir ekki á Guðlaug Þór

**STJÓRNMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður sækir ekki umboð sitt til formanns Sjálfstæðisflokksins heldur til kjósenda. Þetta segir formaðurinn, Bjarni Benediktsson.**

**Því komi ekki til þess að Bjarni þrýsti á Guðlaug um að segja af sér vegna hárra styrkja sem hann þáði í prófkjörsbaráttu vegna alþingiskosninga 2007.**

**Bjarni sagði þetta í fréttum RÚV í gær. Styrkveitingar til stjórnmálamanna hafi verið óheppilegar.** - kóþ

Icesave óréttmæt skuld:

## Kirkjan ræðir skuldir Íslands

**KIRKJAN** „Vorar skuldir – kirkjan og baráttan gegn óréttmætum skuldum,“ er yfirskrift málþings sem fram fer í Neskirkju í dag klukkan 13.

Þar verður Icesave-skuld Íslenska ríkisins skoðuð út frá baráttu kirkna í Suður Ameríku gegn óréttmætri skuldsetningu með aðstoð Lúterska heimssambandsins, sem bent hefur á líkindi með Ice-save skuldinni og óréttmætum skuldsetningum annars staðar í heiminum. Til máls taka meðal annarra Martin Junge framkvæmdastjóri LWF og Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra. - rat

Vísindamenn skoða gíraffa:

## Forðast vatn en geta alveg synt

**DÝRALÍF Vísindamenn við Háskólann í Portsmouth hafa sannað með stærðfræðilegum útreikningum að Gíraffar geta synt. Því hefur lengi verið haldið fram að gíraffar kunni ekki að synda en þeir forðast vatn í lengstu lög.**

**Vísindamennirnir reiknuðu út þyngd dýrsins, jafnvægispunkt og þanþol lungna og bjuggu til stafrænt líkan af gíraffa sem þeir „slepptu til sunds“ í stafrænu vatni. Niðurstaðan var sú að gíraffar geta synt. Þeir séu þó ekki endilega miklir sundgarpar.** - rat



**NÝFÆDDUR GÍRAFFI Í KALIFORNÍU.**

# Strætó gæti sparað milljónir í vistakstri

**Strætó á að geta sparað 65 milljónir með því að vistaka bifreiðum sínum, en fer aðrar leiðir. Reynt var að setja upp vistaksturskerfi í bílunum, en með ónothæfum viðmiðum. „Strætó skorti þekkingu,“ segir framkvæmdastjóri Strætós.**

**SAMGÖNGUR** Strætó bs. gæti sparað um 65 milljónir árlega með því að vistaka vögnum sínum, en fyrirtækið hefur ekki áhuga á hagræðingu. Þetta segir Þórólfur Gunnarsson framkvæmdastjóri Saga System, fyrirtækis sem sérhæfir sig í vistakstri.

Blaðið greindi frá því á dögunum að Saga hefði selt flotastýringarkerfi sitt til Tide Buss, norsks rútufyrirtækis með um 1.300 bíla. Þegar Þórólfur er spurður um rekstur Strætós rifjar hann upp að 2003 hafi Saga sett vistaksturskerfi í vagna fyrirtækisins. En bílstjórarnir hafi fengið að setja eigin viðmið um hvað væri vistakstur.

„Strætó setti kerfið þannig upp að nánast engin leið var að fara út yfir góðakstursmarkmið,“ segir Þórólfur. Strætó hafi því í fjögur ár, allt til 2007, borgað fyrir kerfi sem ekki var notað í raun.

„Strætó er alveg útópískt fyrirtæki því þar eru svo mörg tækifæri til hagræðingar. En þetta er eina fyrirtækið sem okkur hefur mistekist að innleiða kerfið í,“ segir hann.

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætós segir að vistakstursskerfi Þórólfs hafi verið eitt af mörgum gæluverkefnum Strætós þegar Reynir hóf þar störf. Það hafi verið dýrt og ekki hentað fyrirtækinu.

„Við kennum mönnum að aka eins vel og hægt er. Fyrirtæki getur verið með heimsins besta kerfi, en ef enginn kann á það þá nýtist það ekki. Hér hefur vantað þekkingu og við mátum það svo að við hefðum ekki bolmagn til að nota kerfið,“ segir hann. Aðrar leiðir hafi verið farnar í staðinn og einblínt á þjónustu fremur en akstursiag.

Reynir svarar því ekki játandi spurður hvort vagnstjórar Strætós aki samkvæmt vistakstursviðmiðum. Starfsmenn séu þó sendir á slík námskeið. Meðalhraði Strætós sé lágur, þótt ekki sé allt fengið með því að keyra hægt.

Spurður hvort rétt sé að ekki hafi verið farið eftir viðmiðum Saga eða viðvörunum hlýtt þegar kerfið var notað, segir hann að Þórólfur hafi einu sinni rætt þetta við sig:

„Af hverju gripu þeir ekki alvarlega inn í, fyrst þeir vissu þetta?“ spyr Reynir. Um það að fyrirtækið hafi ekki áhuga á hagræðingu minnir hann á góðan tekjuafgang á síðasta ári.

klemens@frettabladid.is



**ÞÓRÓLFUR GUNNARSSON** Segir Strætó vera „útópískt fyrirtæki“ því þar séu svo mörg tækifæri til hagræðingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FYRSTA FERÐIN** Farþegum í fyrstu ferðinni var boðið upp á epli í tilefni dagsins.

Samkeppni í fyrsta sinn:

## Fljúga til New York fjórum sinnum í viku

**SAMGÖNGUR** Iceland Express hefur hafið áætlunarflug til New York. Þar með er í fyrsta skipti komin samkeppni á flugleiðinni milli Íslands og New York segir í fréttatilkynningu. Fyrsta ferðin var farin á þriðjudag og eru bókanir í flugið mjög góðar í sumar.

Í sumar verður flogið fjórum sinnum í viku, á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Flogið er út síðdegis og komið aftur heim snemma morguns.

Flogið er til og frá Newark-flugvellinum, sem er nýlegur flugvöllur, sá fimmti stærsti í Bandaríkjunum og sá sem býður upp á flest tengiflug innanlands. Frá flugvellinum eru 26 kílómetrar inn til Manhattan og eru tíðar lestasamgöngur frá flugvellinum þangað. - sbt

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ökumenn kærðir**

Veiðimenn sáust aka utan vegar við Fiskivatn á laugardag. Myndir náðust af bifreiðinni á eftirlitsflugi Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og hefur málið verið kært til lögreglu.


## Júnítilboð




Lóritín

10 stk.
389 kr.

30 stk.
985 kr.

Apótekið lægra verð

Apótekið Hólagarði, Apótekið Spöng, Apótekið í Hagkaupshúsinu Skeifunni og á Akureyri


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**REGNDANSINN** Í dag og á morgun eru litlar breytingar, áfram hægur vindur eða hafgola og úrkomulítið. Íbúar á öskusvæði óska margir eftir rigningu til að skola öskunni burtu. Á miðvikudaginn lítur út fyrir að þeir verði bænheyrðir enda þykknar upp með vætu, fyrst V-til.




**Á MORGUN** Hæg breytileg átt eða hafgola.

**MIÐVIKUDAGUR** Snýst í SV-átt , þykknar upp V-land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 19° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 25° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 17° |
| París | 22° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is



# Tvær leiðir til að láta enda ná saman







**Ef þú ert í erfiðleikum með að láta enda ná saman þá hvetjum við þig til að koma í næsta útibú og ræða við ráðgjafa því það eru úrræði í stöðunni.**

### Varanleg lausn fyrir einstaklinga – ef skuldir eru hærri en eignir

Skuldaaðlögun er varanleg lausn þegar greiðslubyrði er hærri en fyrirsjáanleg greiðslugeta. Lausnin felur í sér að bankinn og lántaki gera með sér samkomulag um að aðlaga skuldir og eignir að greiðslugetu lántaka. Standi lántaki við samkomulagið yfir samningstímann, geta skuldir lækkað til samræmis við metna greiðslugetu niður í allt að 110% af markaðsverði eigna (sjá A og B)*.

### Tímabundin úrræði – fyrir tekjulausa einstaklinga

Þegar um tímabundinn vanda er að ræða geta viðskiptavinir óskað eftir frystingu á greiðslum (afborgunum og vöxtum) í allt að 12 mánuði. Ekki er um eftirgjöf skulda að ræða og lán eru í skilum á meðan á frystingu stendur. Þetta úrræði stendur þeim til boða sem búa tímabundið við atvinnuleysi eða skert starfshlutfall. Auk þess eru höfuðstólslækkun og greiðslujöfnun leiðir sem geta gagnast mörgum.

**Við hvetjum alla til að koma og ræða við okkur um mögulegar lausnir á sínum málum.**

*Ávallt er miðað er við heildarskuldir lántakanda hjá Íslandsbanka.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

## KJÖRKASSINN



*Ætti að fækka hraðahindrunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 56,7 |
| Nei | 43,3 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Líst þér vel á nýjan meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

HF Verðbréf sá um sölu á Avens-skuldabréfum Seðlabankans til lífeyrissjóðanna:

# Hætta var talin á árekstrum

**VIÐSKIPTI** Fjármálafyrirtækið HF Verðbréf sá um eignaskipti á svokölluðum Avens-skuldabréfum þegar Seðlabankinn seldi þau í lokuðu útboði til 26 lífeyrissjóða á mánudag og fékk fjörutíu milljónir króna í þóknun. Öðrum fjármálafyrirtækjum var ekki boðið að borðinu, samkvæmt heimildum blaðsins.

Sátt ríkir að mestu um gjörninginn á meðal forsvarsmanna fjármálafyrirtækja þótt vart hafi orðið óánægju hjá sumum, ekki síst sökum þess að þeim hafi fram til þessa ekki staðið til boða kaup á krónueignum erlendis. Þá hafi Seðlabankinn ekki staðið við loforð um gagnsæi í viðskiptum með skuldabréfin, líkt og lagt var upp með þegar hann samdi um þau við Seðlabankann í Lúxemborg fyrir hálfum mánuði.



**VIÐSKIPTIN INNSIGLUÐ** Már Guðmundsson innsiglaði samning um kaup á Avens-skuldabréfum seðlabankans í Lúxemborg fyrir hálfum mánuði.

Seðlabankinn segir, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins, ástæðuna þá að í ljósi þess hve stór og viðkvæm viðskiptin voru hafi verið ákveðið að notast við einn aðila. Sá hafi þurft að uppfylla nokkur skilyrði. Meðal annars að vera hrein verðbréfamiðlun, ekki með eigin verðbréfaviðskipti og án eignastýringar. „Talið var nauðsynlegt að viðkomandi uppfyllti þessi skilyrði til þess að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum – ekki síst í ljósi þess hve viðskiptin voru viðkvæm fyrir markaðinn,“ segir í svari Seðlabankans. - jab

Nýleg rannsókn um kaffi:

# Áhrif morgunbollans tálsýn

**VÍSINDI** Örvandi áhrif kaffis á líkamann er blekking. Það eykur ekki árvekni fólks heldur eykur taugaspennu og kvíðatilfinningu. Þetta er niðurstaða breskrar rannsóknar sem gerð var á 379 einstaklingum.

Um helmingur þeirra sem þátt tóku í rannsókninni drukku lítið kaffi en hinir mikið. Niðurstöðurnar benda til að þeir sem venjulega eru taugastrekktir drekki frekar kaffi en aðrir og virðist sem þeir sækist eftir tilfinningunni. Enginn virtist þó vakna betur. - jab

Harður árekstur á Miklubraut:

# Ók á ofsahraða á bíl og raðhús

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður var fluttur slasaður á slysadeild eftir harðan árekstur á Miklubraut í gærmorgun. Tildrög slyssins virðast þau að fólksbíl var ekið á miklum hraða austur Miklubraut. Við Rauðarárstíg missti ökumaðurinn stjórn á bílnum og hafnaði á kyrrstæðum bíl sem valt við áreksturinn og endaði för sína á steintröppum raðhúss.

Karlmaður á þrítugsaldri er talinn vera ökumaður bifreiðarinnar og er hann grunaður um ölvun við akstur. Hann var færður á lögreglustöð og stóð til að yfirheyra hann í gærkvöldi ef ástand hans leyfði. - ls

# Aska yfir allri Þórsmörk

**Hvergi er hægt að tylla sér fyrir ösku, segir gestur í Þórsmörk. Erfitt er að meta hve lengi landið verður að jafna sig, því lítil reynsla er af svo fínni ösku. Of dýrt er talið að hreinsa til á heiðum og í afréttum.**

**UMHVERFISMÁL** Aska er yfir öllu í Þórsmörk, eftir gjóskufok síðustu daga. Hreinsunarstarf heimamanna, sjálfboðaliða og rekstraraðila á svæðinu er í uppnámi og ferðamannasvæði illa sett, segir Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri. „Við þekkjum ekki hve lengi landið verður að jafna sig, því þessi aska er mun fínni en sú sem við höfum reynslu af síðustu fimmtíu árin,“ segir hann.

Sveinn segir aðgerðir til að draga úr gjóskufoki á heiðum og afréttum of dýrar og því verði einblínt á að styrkja gróður með áburðargjöf í byggð, til að létta fólki þar lífið.

Björn Traustason útivistarmaður, sem staddur var í Þórsmörk í gær, segir frá því að hvergi sé grasbala að sjá til að tylla sér niður. „Við fengum okkur að drekka og þá þurfti að byrja á að sækja skóflu út í í bíl og moka af borðinu,“ segir hann.

Hann hafi þó hitt gönguhópa þar, skítuga upp fyrir haus. Tveir starfsmenn Útivistar hafi verið að hreinsa til, með strákústum.

„Til að gera þessa staði góða aftur á ekki svo löngum tíma þarf mannskap. Það þarf að bretta upp ermarnar,“ segir hann.

klemens@frettabladid.is



**GRÓÐURINN RÍS NÚ SAMT** Öskulag er misþykkt í Þórsmörk, mest á svæðinu við Gígjökul en minnst í Básum. Göngufólk verður svart í framan, en í gær var búið að tjalda þar. MYNDIR/HELEN MARÍA



**ASKA Í ÖKKLA** Öskufall úr Eyjafjallajökli hefur þakið landið.



**BRETTA ÞARF UPP ERMARNAR** Ljóst er að fjölda fólks þarf til að hreinsa landið.



**LITIÐ AÐ GÍGJÖKLI** Fagurt er um að líta í Þórsmörk, með og án öskunnar.



**BÖRN AÐ LEIK** Ungir jafnt sem aldnir skemmtu sér á fjölskyldudegi.

Fjölmenni á fjölskyldudegi:

# Vilja að fólk hætti að hanga

**FÓLK Um þrjú hundruð manns skemmtu sér í blíðskaparveðri á fjölskyldudegi Ungmennafélags Íslands í gær.**

**Hátíðarhöldin fóru fram í Hrunamannahreppi þar sem meðal annars var gengið á Miðfell. Markmið hátíðarinnar var að vekja athygli á verkefni sem ber yfirskriftina Hættu að hanga!, komdu að hjóla, synda eða ganga.**

**Forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson, og Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, fluttu ávörp í tilefni dagsins.** - ls

Svindl í Lundúnamaraþoni:

# Öldungur stytti sér leið í mark

**LONDON** Anthony Gaskell 69 ára hlaupari og afi sem átti besta tíma eldri borgara í Maraþoninu í London sem fram fór nú á dögunum, virðist hafa svindlað.

Anthony hljóp í mark á þremur tímum og fimm mínútum, en hann hefði þurft að hlaupa síðustu 20 kílómetrana á minna en klukkutíma til að ná í mark á svo góðum tíma.

Í ljós kom að Anthony stytti sér leið um allt að 16 kílómetra og var því Colin Rathbone, 66 ára sem kom í mark 38 sekúndum á eftir Anthony, verðlaunaður sem fótfráasti eldriborgarinn. - rat

Stúdentaráð mótmælir breytingum á reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna:

# Nemar óttast þrengri reglur

**MENNTUN** Stúdentaráð Háskóla Íslands mótmælir harðlega tillögu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) að breyttum reglum um lánasjóðinn. Það skorar á menntamálaráðherra að endurskoða breytingarnar. Þær hafi í för með sér „gríðarlega hagsmunaskerðingu“ fyrir fjölda nema.

„Þetta kemur verst niður á þeim sem ekki stunda fullt nám, og á fjölskyldufólki. Það er verið að lækka lánin þeirra umtalsvert,“ segir Jens Fjalar Skaptason, formaður Stúdentaráðs.

Samkvæmt nýjum reglum á meðal annars að hækka lágmarksviðmið námsárangurs þannig að nemar eiga að ljúka átján einingum á hverri önn, í stað tuttugu á ári. Tólf einingar skal klára á sumarönn.



**JENS FJALAR SKAPTASON**



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Möguleikar námsfólks til að flytja námsárangur milli námsára eru minnkaðir.

Þá er lánum til foreldra breytt þannig að í stað þess að hvert barn gefi ákveðna upphæð í útreikning framfærslu, verður greitt hlutfallslega fyrir þau, þannig að barnmargir foreldrar fá minna en áður.

Ekki náðist í Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra vegna málsins í gærkvöldi. - kóþ

> Þetta kemur verst niður á þeim sem ekki stunda fullt nám, og á fjölskyldufólki.
>
> **JENS FJALAR SKAPTASON** FORMAÐUR STÚDENTARÁÐS

Viðgerðum að ljúka:

# Opnað senn í Laugaskarði

**FÓLK** Viðgerð og málun á laugarkeri sundlaugarinnar í Laugaskarði er lokið að því er kemur fram á heimasíðu Hveragerðisbæjar. Áætlað er að opna sundlaugina aftur á næstkomandi föstudag.

„Verkið gekk mjög vel enda veðurfar hagstætt meira og minna allan verktímann. Ákveðið var að byggja yfir laugarkerið sem flýtti verulega verktímanum,“ segir á hveragerdi.is. Nú er verið að setja dúk á veggi laugarkersins.

Þess má geta fyrir sundáhugamenn á Suðurlandi að frítt verður í sund laugardaginn 12. júní á Selfossi og Stokkseyri vegna hátíðarinnar „Kótilettunnar“. - gar

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Tyrkland og gríska Eyjahafið

## 10–11 nátta ferðir í allt sumar



TYRKLAND

# Bodrum

Vinsælasti sólarstaðurinn á Tyrklandi

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrklands við Eyjahaf þar sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, fyrsta flokks þjónusta og gnægð veitingastaða og verslana.

## Tyrkland ódýrast!

Hvergi ódýrara að lifa á sólarstöðum sumarið 2010

**Möguleiki á léttgreiðslum**




### Eken ★★★

Eken er einkar vinalegt hótel með rúmgóðum og snyrtilegum herbergjum sem öll eru loftkæld og með svölum. Í garðinum eru sundlaugar þar sem börnin geta leikið sér í barnalaug.

**Verð frá 140.400 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12) í 11 nætur 29. júní. ALLT INNIFALIÐ, líka loftkæling. Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli frá 161.550 og 15.000 Vildarpuntar.

*Verð án Vildarpunkta 150.400 kr.

GRIKKLAND

# Kos

Eyja hinna ánægðu

Grísk paradísareyja, skammt frá vesturströnd Tyrklands, í gríska Eyjahafinu. Friður, fjör, veðursæld, heillandi þorp og stórfenglegar minjar frá gullöldum grískrar menningar.




### Sun Palace ★★★★

Frábært hótel sem var algjörlega endurnýjað árið 2008 og byggt upp samkvæmt nýjustu straumum og stefnum. Útkoman er virkilega huggulegt og nýtískulegt hótel þar sem allt er innifalið.

**Verð frá 173.950 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára) í tvíbýli í 9 nætur á Kos og 1 nótt í Bodrum 10. júlí. Allt innifalið, líka loftkæling.

* Verð án Vildarpunkta 183.950 kr.

Þökkum frábærar viðtökur!

## Flugáætlun

| | |
|---|---|
| 08. júní | Uppselt |
| 19. júní | Uppselt |
| 29. júní | Nokkur sæti laus |
| 10. júlí | Nokkur sæti laus |
| 20. júlí | Laust |
| 31. júlí | Uppselt |
| 10. ágúst | Uppselt |
| 21. ágúst | Örfá sæti laus |
| 31. ágúst | Uppselt |
| 11. september | Uppselt |
| 18. september | Uppselt |
| 29. september | Örfá sæti laus |
| 06. október | Nokkur sæti laus |

Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is

Upplifðu tvo menningarheima í sömu ferðinni | Í boði eru samsettir pakkar þar sem hægt er að dvelja hluta tímans í Tyrklandi og hluta á Kos.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 50184 04/10

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvar ók ölvaður ökumaður yfir tvo sofandi ferðamenn í tjaldi sínu fyrir skömmu?
2. Með hvaða handboltaliði varð Aron Pálmarsson Evrópumeistari um síðustu helgi?
3. Í höfuðið á hvaða tónlistarmanni er nýr bjór Ölstofunnar nefndur?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Hagar gagnrýna frumvarp um auknar valdheimildir Samkeppniseftirlitsins:

# Uppstokkun gæti orðið dýr

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur Haga eru mótfallnir stjórnarfrumvarpi um breytingar á Samkeppniseftirlitinu. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi í mars og gæti veitt Samkeppniseftirlitinu víðtækar heimildir til að grípa inn í rekstur og skipulag fyrirtækja sem stofnunin telur að hamli samkeppni. Þar á meðal fær eftirlitið heimild til að stokka upp fyrirtæki þótt þau séu ekki talin hafa brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga. Það liggur nú hjá Viðskiptanefnd Alþingis.

Í umsögn Haga, sem undirrituð er af Finni Árnasyni forstjóra og Þórði Bogasyni lögmanni, er tekið undir gagnrýni annarra umsagnaraðila, svo sem Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka viðskipta- og þjónustu og Samtaka fjármálafyrirtækja. Í umsögn Haga er bent á að hætta felist í því að ein stofnun fái jafnóheft vald og ætlað sé að veita Samkeppniseftirlitinu.

Stjórnendur Haga segja Samkeppniseftirlitið lengi hafa haft horn í síðu fyrirtækisins. Uppstokkun geti skilað sér í hærra vöruverði en ella, aukinni verðbólgu og skili það sér í hækkun vísitölu neysluverðs. Þá kunni það að valda uppsögnum á starfsfólki, sem myndi helst bitna á ófaglærðu fólki. - jab



**STÓRMARKAÐUR** Stjórnendur Haga telja vöruverð geta hækkað fái Samkeppniseftiritið auknar heimildir.

Hugsmiðjan kallar á umsóknir:

# Gefa samtökum vef með öllu

**FYRIRTÆKI Hugsmiðjan auglýsir eftir umsóknum um Samfélagsvef Hugsmiðjunnar 2010. Árviss viðburður er þegar Hugsmiðjan gefur fullbúinn vef til félagasamtaka. Vefnum fylgir Eplica-vefumsjónarkerfi, hönnun, forritun og uppsetning en síðustu ár hafa fengið slíkan vef Götusmiðjan, Íslandsdeild Amnesty og Mannréttindaskrifstofa Íslands.**

**Umsækjendur þurfi að vera félagasamtök sem vinna að góðgerðarstörfum og eru ekki rekin í hagnaðarskyni.** - óká



**FYLLA HANN TAKK** Gísli Viggósson hjá Siglingastofnun setur olíu á bílinn.

Ráðherrabíll umhverfisvænn:

# Keyrir um á repjuolíu

**SAMGÖNGUR** Bifreið Kristjáns L. Möller samgönguráðherra gengur þessa dagana fyrir eldsneyti sem unnið er úr íslensku káljurtinni repju. Bíll ráðherra var fylltur hjá Siglingastofnun en um er að ræða framleiðslu úr sérsmíðuðum búnaði stofnunarinnar.

Repjuolían er afrakstur rannsóknarverkefnis sem felur í sér að vinna umhverfisvæna dísilolíu úr tvíærum, íslenskum káljurtum sem nefnast repja og nepja. - mþl

Myndband á netinu þar sem ísraelskir ríkisborgarar syngja miður fallegan söng:

# Gert grín að fórnarlömbum

**ÍSRAEL** Myndband þar sem gert er grín að þeim sem voru um borð í skipalestinni sem ísraelski sjóherinn stöðvaði í síðustu viku, lak á netið eftir slysalegan tölvupóst frá fjölmiðlaskrifstofu ísraelska forsætisráðuneytisins.

Árás ísraelska hersins hefur vakið hörð viðbrögð um allan heim en í henni létust níu óbreyttir borgarar. Blaðamaður Jerusalem Post, Caroline Glick, hefur sagst bera ábyrgð á myndbandinu og með því hafi hún ásamt félögum sínum viljað sýna afstöðu margra Ísraela til málsins. Í myndbandinu syngja ísraelskir ríkisborgarar breyttan texta við lagið „We are the world“ og syngja „We Con the World“, eða „Við blekkjum heiminn“. Ísraelska forsætisráðuneytið sendi frá sér yfirlýsingu um að myndbandið endurspegli hvorki afstöðu ráðuneytisins né Ísraelsríkis.

Ísraelsk stjórnvöld handtóku einnig áhöfn flutningaskipsins Rachel Corrie á leið til Gasa með hjálpargögn á laugardaginn. Áhöfnin veitti enga mótspyrnu þegar herinn kom um borð og hefur verið vísað úr landi. -rat




**MÓTMÆLT Í LÍBANON** Fólk safnaðist saman í miðborg Beirút í gær til þess að mótmæla því að skipið Rachel Corrie var stöðvað af Ísraelsmönnum á leið til Gasa. Skipið heitir í höfuðið á bandarísku baráttukonunni, Rachel Corrie, en hún lét lífið á Gasaströndinni árið 2003. MYND AP/NORDIC PHOTOS

Meira en milljarður tapast:

# Þrotabú BT gert upp

**VIÐSKIPTI** Rúmlega milljarður tapaðist við gjaldþrot BT en fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota 4. nóvember 2008 af Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samkvæmt Lögbirtingablaðinu námu kröfur verslana í bú BT, tæpum 1,2 milljörðum króna. 133 milljónir voru greiddar upp í veðkröfur, 13 milljónir í forgangskröfur og greiddist skiptakostnaður að fullu.

BT var í eigu Árdags sem fór fram á gjaldþrotaskipti í nóvember 2008. Hagar keyptu vörumerki BT og lager af þrotabúinu. -rat

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Skógur brann í Heiðmörk

Slökkviliðsmenn börðust í tvær stundir við eld sem kviknaði í Heiðmörk, skammt frá Maríuhellum, í gærmorgun. Betur fór en á horfðist en talið er að um 400 fermetrar hafi orðið eldinum að bráð.



Faðir drukknar í Wales:

# Drukknaði við björgun dóttur

**BRETLAND** Maður drukknaði í ánni Machynlleth í Wales í gær þegar hann reyndi að bjarga dóttur sinni frá drukknun. Stúlkunni var bjargað á land en hún hafði farið út í ána á eftir hundi fjölskyldunnar.

Lögregla og slökkvilið ásamt sjúkraflutningamönnum reyndi árangurslaust að koma manninum til hjálpar upp úr ánni eins og fram kemur á fréttavef Breska ríkisútvarpsins. Maðurinn var í tjaldútilegu með dætrum sínum tveim en fjölskyldan er frá Englandi.

Erfitt að finna áhættufjármagn hér á landi, segir Haukur Davíðs Magnússon, stofnandi Gogoyoko:

# Tónlistarveita útilokar ekki landflótta

**NÝSKÖPUN** „Við eigum í viðræðum við fjárfesta og erum langt komin. En þetta tekur tíma,“ segir Haukur Davíð Magnússon, framkvæmdastjóri og einn stofnenda tónlistarveitunnar og netsamfélagsins Gogoyoko. „Það er ekkert þolinmótt fjármagn á Íslandi þótt margir gefi sig út fyrir að eiga það og ákvarðanafælni ríkjandi,“ bætir hann við.

Gogoyoko gekk snemma á síðasta ári frá samningum við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og Vilhjálm Þorsteinsson, stjórnarformann CCP, um fjármögnun upp á hundrað milljónir króna. Til stóð að ljúka fjármögnun upp á rúmar tvö hundruð milljónir króna í maí og tryggja óbreyttan rekstur næstu tvö árin. Haukur er þrátt fyrir þetta bjartsýnn.

Nokkrir þeirra sem rætt er við eru erlendir fjárfestar. Þeir munu lítið spenntir fyrir því að setja áhættufjármagn í verkefni hér, ekki síst þar sem ekki er lengur hægt að kaupa varnir gegn gengissveiflum.

Haukur og segir ekki útilokað að fyrirtækið flytji starfsemina úr landi af þessum sökum. Þá bjóða mörg önnur lönd betri stuðning við sprotafyrirtæki en býðst hér. „Við höfum skoðað þetta og útilokum ekkert,“ segir hann. Tuttugu manns vinnur hjá Gogoyoko. - jab



**FRUMKVÖÐULLINN** Haukur Davíð, sem stendur á hægri hönd starfsmanns Gogoyoko, segir ekki útilokað að fyrirtækið flytji starfsemina úr landi eigi það að geta fjármagnað sig. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Átök fyrir botni Miðjarðarhafs:

# Páfi vill binda enda á ofbeldið

**VATIKANIÐ Páfi vill frið við botn miðjarðahafs „Ég ítreka þá skoðun mína að alþjóðasamfélagið beiti sér tafarlaust fyrir lausn deilunnar fyrir botni Miðjarðarhafs og komi þannig í veg fyrir frekari blóðsúthellingar,“ sagði Benedikt 16. páfi í messu sem hann hélt í lok þriggja daga heimsóknar sinnar til Kýpur. Páfi vill að deiluaðilar slíðri sverðin og bindi enda á vaxandi ofbeldi.**



**BENEDIKT PÁFI**

**Benedikt páfi hefur áður lýst yfir stuðningi sínum við stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna og hefur hann hvatt þá til að standast þá freistingu að grípa til ofbeldis og hryðjuverka.** - ls

Michael Jenkins sagður hafa trú á endureisn á Íslandi eftir efnahagshrunið:

# Bandarískur fjárfestir keypti 25 nýjar íbúðir til að leigja út

**FASTEIGNIR** Michael Jenkins, bandarískur fjárfestir, hefur í gegnum félag sitt Þórsgarð ehf. keypt 25 íbúðir á Íslandi og hyggst koma þeim í útleigu.

Teitur Jónasson, talsmaður Þórsgarðs og Meira-leiguhúsnæðis, segir að áhugi á Íslandi hafi kviknað hjá Jenkins sem stundi fjárfestingar sínar á ýmsum stöðum. Hann vilji fjárfesta á Íslandi til langs tíma.

„Jenkins metur það svo að hér séu góðir fjárfestingarmöguleikar til lengri tíma. Hann hefur trú á því að landið muni ná sér og að það verði aftur eftirspurn á húsnæðismarkaðnum,“ segir Teitur.

Íbúðirnar sem Jenkins keypti eru í nýbyggingum á Norðurbakkanum í Hafnarfirði, við Löngulínu í Sjálandshverfinu í Garðabæ og við Vallarkór í Kópavogi. Flestar íbúðirnar eru þriggja eða fjögurra herbergja.



**TEITUR JÓNASSON** Talsmaður Michaels Jenkins á Íslandi segir hann hafa trú á að markaðurinn hér nái sér á strik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meira-leiguhúsnæði mun að sögn Teits bjóða þessar íbúðir fyrir svipaða leiguupphæð og sé á markaði. Með öðruvísi skilmálum en nú tíðkist, sem miði að því að fólk leigi til langs tíma, eigi hins vegar að tryggja réttindi leigutakans betur, meðal annars með auknum uppsagnarfresti fyrir leigjandann. Leigusalinn njóti samt aðeins þess uppsagnarfrests sem kveðið sé á um í lögum. Þá geti leigjendur skipt um innréttingar og gólfefni kjósi þeir að gera breytingar. - gar



**NEW YORK** Fréttamenn söfnuðust saman við heimili annars hinna handteknu.

Handteknir á JFK-flugvelli:

# Tveir grunaðir um hryðjuverk

**BANDARÍKIN** Meintir hryðjuverkamenn voru handteknir á JFK-flugvelli í New York í gær. Yfirvöld hafa haft auga með mönnunum síðustu fjögur árin.

Bandarísk yfirvöld telja að mennirnir tilheyri sómölsku hryðjuverkasamtökunum Al Shabaab sem eru nátengd Al Kaída og telja þau að mennirnir hafi ætlað að ræna og myrða bandaríska þegna á erlendri grund. Þeir verða færðir fyrir dómara í dag. - ls





Stuð á 3G netinu í símanum á ferð um landið

Facebook, YouTube, Google, tölvupóstur og fréttamiðlarnir fylgja þér á ferðalaginu á stærsta 3G dreifikerfi landsins.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn



**TRÉSTYTTUR TIL SÖLU** Í Jóhannesarborg í Suður-Afríku, þar sem heimsmeistarakeppni í fótbolta hefst innan fárra daga, má kaupa þessar eftirlíkingar helstu kappa keppninnar. NORDICPHOTOS/AFP

Landsbankinn veitir styrki:

## Framúrskarandi stúdentar fá fjárstyrk

**SAMFÉLAGSMÁL** Landsbankinn úthlutaði á fimmtudag námsstyrkjum til fjórtán íslenskra námsmanna. Vel á fimmta hundrað umsóknir bárust en styrkirnir eru á bilinu 150 til 350 þúsund krónur.

Dómnefndin leitaðist við að velja framúrskarandi námsmenn með mikinn metnað og framtíðarsýn sem nefndin taldi líklega til að auðga íslenskt samfélag í framtíðinni, að því er segir í tilkynningu frá Landsbankanum.

Styrkirnir voru veittir í fjórum flokkum en þetta var í 21. sinn sem Landsbankinn úthlutar styrkjum til námsmanna. - mþl

# Verðtrygging óhagstæðari en elstu gengislán frá 2004

**Eftir flutning gengislána í krónur eru þau 1 til 13 prósent dýrari en verðtryggt lán tekið á sama tíma. Ef lækkað verður meira er þeim ívilnað sem tóku gengisáhættu umfram þá sem völdu verðtryggðu lánin.**

**BÍLALÁN** Eftir leiðréttingu höfuðstóls og breytingu yfir í krónulán munu gengistryggðu bílalánin vera 1 til 13 prósent dýrari en verðtryggt krónulán sem tekið var á sama tíma.

Þetta á þó ekki við um fyrstu gengislánin sem boðin voru íslenskum neytendum með sjö ára lánstíma á árinu 2004. Þau eru þremur til sjö prósentum ódýrari en verðtryggt lán frá sama tíma, ef lántakendur hafa ekki nýtt sér úrræði til að fá greiðslur frystar eða lánstíma lengdan.

Þetta kemur fram í útreikningum sem Haraldur Ólafsson, forstöðumaður verkefna- og þjónustusviðs SP, hefur látið Fréttablaðinu í té. Hann segir þessar upplýsingar sýna að ef gengið verður lengra í að koma til móts við viðskiptavini með gengistryggð lán fari gengistryggðu lánin að verða hagstæðari en verðtryggð lán í íslenskum krónum. Slíkt væri ósanngjarnt gagnvart þeim sem tóku verðtryggð lán af því að þeir vissu um áhættuna sem fólst í gengistryggðum lánum og ákváðu að taka hana ekki.

Félagsmálaráðherra hefur kynnt lagafrumvarp, sem bíður meðferðar á Alþingi og gengur út á að fjármálafyrirtækjum verði skylt að lækka lánin og breyta yfir í lán í



**BÍLALÁN** Þeir sem enn eru að borga af gengistryggðum bílalánum frá árinu 2004 standa betur en þeir sem tóku verðtryggð lán í krónum á sama tíma ef þeir fá höfuðstólinn lækkaðan, samkvæmt fyrirliggjandi tilboði. Aðrir standa 1-13% lakar en ef þeir hefðu tekið verðtryggð lán, segir SP-Fjármögnun.

íslenskum krónum frá upphafsdegi. Eftir breytingu í krónur fá lánin 15 prósent álag til að vega upp vaxtamun, þar sem mun lægri vextir hafa verið greiddir af genglánum. SP-Fjármögnun segir að sú aðferð sem fyrirtækið er nú að bjóða sé sambærilegt við aðferð frumvarpsins. SP hyggst bjóða þeim sem skipta í krónur 7,95% vexti á breytt verðtryggð lán en 12,6 prósent á breytt óverðtryggð lán. Önnur fjármögnunarfyrirtæki munu bíða með frekari aðgerðir þar til afgreiðslu mála á Alþingi og fyrir Hæstarétti er lokið en rétturinn mun senn dæma um tvö mál þar sem tekist er á um lögmæti gengistryggðra lána.

Um 15.000 manns eru með gengistryggð bílalán hjá SP. Hið venjulega lán er 2,5 milljónir og var tekið um mitt ár 2006, segir Haraldur. Haraldur segir að yfir 1.000 viðskiptavinir hafi sótt um höfuðstólslækkun, eða rúmlega 200 á dag að jafnaði.

peturg@frettabladid.is

## Breytingar bílalána við flutning í krónur

**Dæmi um áhrif niðurfærslu gengislána við breytingu í krónulán og hlutfallslegur samanburður við verðtryggð krónulán, tekin á sama tíma. Byggt á upplýsingum frá SP-Fjármögnun.**

**Ein milljón króna til sjö ára í japönskum jenum og svissneskum frönkum**

| *Lánið tekið* | *01.06.2004* | *01.03.2005* | *01.03.2006* | *01.03.2007* | *01.03.2008* |
|---|---|---|---|---|---|
| Þegar greitt | 1.217618 | 1.221.036 | 1.124.613 | 884.477 | 500.776 |
| Eftirst. m/verðbótum | 357.675 | 663.168 | 1.064.298 | 1.362.797 | 1.195.397 |
| Eftirst. eftir lækkun 1* | 305.133 | 498.446 | 730.632 | 913.939 | 1.072.370 |
| Eftirst. eftir lækkun 2** | 698.706 | 783.678 | 955.043 | 1.138.785 | 1.159.051 |
| Hlutfallsl. m/v krónu1+ | -7 | 4% | 11% | 13% | 6% |
| Hlutfallsl. m/v krónu2++ | 0 | 1% | 6% | 10$ | 1% |

**Ein miljón króna til sjö ára í SP5 myntkörfu (blanda dollara, evru, jens og sv. franka)**

| *Lánið tekið* | *01.06.2004* | *01.03.2005* | *01.03.2006* | *01.03.2007* | *01.03.2008* |
|---|---|---|---|---|---|
| Þegar greitt | 1.265.342 | 1.227.286 | 1.124.713 | 838.807 | 480.746 |
| Eftirst. m/verðbótum | 336.612 | 631.608 | 985.645 | 1.215.100 | 1.093.972 |
| Eftirst. eftir lækkun1* | 313.414 | 514.890 | 757.717 | 940.116 | 1.087.137 |
| Eftirst. eftir lækkun 2** | 711.518 | 791.017 | 956.994 | 1.169.870 | 1.201.189 |
| Hlutfallsl. m/v krónu1+ | -3 | 8% | 13% | 12% | 5% |
| Hlutfallsl. m/v krónu 2++ | 5 | 7% | 10% | 11% | 5% |

* Eftirstöðvar lántaka sem ekki hefur áður nýtt úrræði í kjölfar hrunsins.

** Eftirstöðvar lántaka sem hefur nýtt sér úrræði til að fresta/lækka greiðslu eftir hrun.

\+ Hlutfallslegur munur á greiðslum og eftirstöðvum gengisláns miðað við lán tekið á sama tíma verðtryggt í íslenskum krónum, ef lántaki hefur ekki nýtt sér úrræði í kjölfar hrunsins.

++ Hlutfallslegur munur á greiðslum og eftirstöðvum miðað við lán tekið á sama tíma verðtryggt í íslenskum krónum, ef lántaki hefur áður nýtt sér úrræði til að fresta/lækka greiðslu eftir hrun.



Góð veiðiferð hjá Mánabergi:

# 165 milljón króna karfatúr

**SJÁVARÚTVEGUR** Mánaberg ÓF 42 kom í gær til hafnar eftir úthafsveiði á Reykjaneshrygg. Veiðiferðin hófst 13. maí síðastliðinn en heildarafli hennar var um 650 tonn og aflaverðmæti um 165 milljónir króna, samkvæmt frétt Ramma.is. Fyrri hluta túrsins var veiðin rétt utan við 200 mílna landhelgina en seinni hlutann var veiðin nánast á landhelgislínunni og rétt innan við hana, sagði Sigþór Kjartansson skipstjóri og bætti við að karfinn sem skipið fékk hefði verið góður. - mþl

Gæsluvarðhald meints ofbeldismanns framlengt til föstudagsins 26. júní:

# Svipti mann frelsi og kúgaði

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjaness yfir karlmanni á þrítugsaldri sem svipti annan mann frelsi, réðst ítrekað á hann og neyddi hann meðal annars til þess að stela verkfæratösku. Maðurinn skal sitja inni til föstudagsins 25. júní.

Þann 9. apríl 2010 stöðvaði lögreglan bíl sem í voru þrír menn. Þeir voru grunaðir um þjófnað á verkfæratösku fyrir framan leikskóla. Einn mannanna skýrði lögreglu svo frá því að hann hefði verið sofandi heima hjá unnustu sinni nóttina áður. Þá hefði ofbeldismaðurinn komið ásamt fleirum og numið hann á brott. Ítrekað hafi verið ráðist á hann og hann neyddur til að taka umrædda verkfæratösku.



**HÆSTIRÉTTUR** Gæsluvarðhald yfir manni sem svipti annan frelsi var staðfest í Hæstarétti í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ofbeldismaðurinn var handtekinn í kjölfarið ásamt öðrum manni. Í fórum hins síðarnefnda fannst myndavél sem hafði að geyma myndir af árásinni á fórnarlambið á heimili ofbeldismannsins. Við húsleit á heimili hans fundust tól til neyslu fíkniefna. Við frekari leit fannst fjöldi muna sem taldir eru vera þýfi.

Maðurinn bar hjá lögreglu að hann hygðist drepa fórnarlambið. Hann hefur áður hlotið dóma fyrir gróf ofbeldisbrot. -jss

Könnuðu verð fyrir bændur:

# Mikill munur á rúlluplastinu

**LANDBÚNAÐUR** Bændur geta sparað sér töluvert velji þeir ódýrasta rúlluplastið á markaðnum í stað þess dýrasta.

Landssamband kúabænda hefur kannað verð á rúlluplasti og rúlluneti hjá söluaðilum. Plastið var ódýrast hjá fyrirtækinu Búvís en dýrast hjá Vélavali-Varmahlíð og munar 18 prósentum. Forstrekkt plast var ódýrast hjá Fóðurblöndunni. Við kaup á rúllubindi er munurinn 48,3 prósent, hæst er verðið hjá Sláturfélagi Suðurlands en lægst hjá Bændaþjónustunni. - pg

Kostir og gallar kannaðir:

# Sameining sparar milljónir

**SVEITARFÉLÖG Sameining Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps mundi spara tuttugu og fjórar milljónir króna á ári í rekstri sveitarfélaganna, segir starfshópur sem kannaði kosti þess og galla að sameina sveitarfélögin.**

**Hópurinn telur kosti sameiningar ekki einhlíta þótt hún mundi efla stjórnsýslu og hægt yrði að veita betri þjónustu en nú. Meðal galla sé að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga yrðu að öðru óbreyttu þrjátíu milljónum króna lægri en nú er. Þá gæti dregið úr fjölbreytni í smærri samfélögum, að mati starfshópsins, að því er fram kemur á vef Sambands sveitarfélaga.** - pg

Viðtökur við framlagi Íslands á heimssýningunni, EXPO, hafa komið bjartsýnustu mönnum á óvart:

# Íslenski skálinn slær í gegn í Sjanghæ

**MENNING** Heildarfjöldi gesta íslenska skálans á heimssýningunni í Sjanghæ í Kína fór fram úr fjölda Íslendinga fyrir viku en alls höfðu 356.219 manns heimsótt skálann þá.

„Viðtökurnar við íslenska skálanum hafa verið framar öllum vonum. Við vissum að við værum með góða afurð í höndunum en hér er fullt hús alla daga. Ég held ég geti slegið því föstu að hingað muni alls koma tvær milljónir Kínverja,“ sagði Hreinn Pálsson framkvæmdastjóri þátttöku Íslands í heimssýningunni og aðalræðismaður Íslands í Kína.

Íslenski skálinn er eins og ísmoli í laginu og er honum ætlað að skapa ímynd jökuls. Notaðar eru ljósmyndir af íslenskum jöklum í nærmynd þannig að greinilega má sjá smáatriðin í ísnum. Inni í skálanum er lofthiti mun lægri en venja er innandyra í Sjanghæ og þar er að finna íslensk fjallagrös til að gefa gestum skálans þá tilfinningu að þeir séu skyndilega komnir til Íslands. Átta mínútna stuttmynd um Ísland er varpað á veggi og loft skálans og eru gestirnir því umluktir myndum og hljóði.

„Þetta myndband okkar er bara listaverk. Á tveimur eða þremur stöðum í myndbandinu heyrir maður gesti skálans yfirleitt segja vá. Við erum nú farin að venjast þessu en ég hef ekki séð neitt þessu líkt í öðrum skálum,“ sagði Hreinn. Aðspurður um hvaða ástæður hann héldi að væru fyrir þessum viðtökum sagði Hreinn að fréttir frá Íslandi um efnahagsmál og eldgosið spiluðu inn í en þar fyrir utan hefðu þau notið góðs af því að Ísland ber ótrúlega lýsandi nafn í kínversku, Bingdao, sem þýðir íseyjan.

„Þegar gestir sýningarinnar ganga framhjá skálanum og sjá ísmyndirnar þá vita þeir strax hvaða þjóð á þennan skála. Það má því segja að við höfum einkenni sem margar aðrar þjóðir skortir.“ - mlþ



**MÚGUR OG MARGMENNI** Gestir heimssýningarinnar í röð við íslenska skálann.



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnmálamennirnir eiga að fara að tillögum Hafrannsóknastofnunar um afla á næsta ári.

## Viturlegar ákvarðanir skila sér

Hafrannsóknastofnunin hefur nú skilað tillögum sínum um hámarksafla á næsta fiskveiðiári, sem hefst í september. Stofnunin vildi ekki mæla með því í apríl síðastliðnum að þorskkvótinn yrði aukinn í sumar, þrátt fyrir þrýsting frá hagsmunaaðilum og stjórnmálamönnum. Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafró, sagði þá hér í blaðinu að ekkert hefði komið fram sem breytti ráðleggingum stofnunarinnar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár. Hins vegar mætti auka þorskkvótann í haust ef rannsóknir gæfu tilefni til.

Nú leggur Hafró til, á grundvelli rannsóknarniðurstaðna, að þorskkvótinn verði aukinn um tíu þúsund tonn, úr 150 þúsundum í 160 þúsund, á næsta fiskveiðiári. Þessi ráðgjöf er í samræmi við markaða nýtingarstefnu stjórnvalda og aflaregluna, sem kveður á um að ekki skuli veitt umfram ákveðið hámark af viðmiðunarstofninum svokallaða.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hafró bendir á að löngum hafi bæði kvótinn og raunverulegur afli verið langt umfram ráðgjöf stofnunarinnar, en mikil breyting hafi orðið til batnaðar síðustu árin, með tilkomu nýtingarstefnu og setningu aflareglu.

Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, tók rétta en erfiða ákvörðun árið 2007 um að skera þorskaflann niður úr tæplega 200 þúsund tonnum í 150 þúsund til þriggja ára. Einar sagði í Fréttablaðinu á laugardag að hefði ekki verið brugðizt við þá, hefði áralangur niðurskurður blasað við. Þetta er rétt mat. Við sjáum það nú að viturlegar ákvarðanir um að veiða ekki meira en stofnarnir bera, skila sér síðar í eflingu þeirra.

Því miður kemur það ekki á óvart að Örn Pálsson, talsmaður smábátasjómanna, leggur til í blaðinu á laugardag að ekkert verði gert með ráðgjöf Hafró, heldur veidd 200 þúsund tonn af þorski. Smábátasjómenn eru líka óhressir með tillögur um að minnka á ný veiði á tegundum á borð við steinbít og ýsu, en hún var aukin tímabundið umfram ráðgjöf Hafró til að mæta niðurskurðinum í þorskinum.

Sjómenn og aðrir hagsmunaaðilar virðast stundum halda að af því að þeir sjá nógan fisk í sjónum, megi veiða langt umfram það sem vísindamennirnir leggja til. Þá gleymist að forsenda þess að áfram verði nógur fiskur í sjónum er að farið sé eftir vísindalegri ráðgjöf og gætt fyllstu varúðar við nýtingu auðlindanna.

Í löndum allt í kringum okkur sjáum við dæmi um hörmulegar afleiðingar þess að stjórnmálamenn létu undan þrýstingi hagsmunaaðila, sem töldu allt í lagi að hunza tillögur vísindamanna og veiða meira í þágu skammtímahagsmuna. Óvíst er að fiskistofnar margra nágrannalanda okkar nái sér nokkurn tímann á strik aftur eftir svo óskynsamlega veiðistjórnun.

Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra og aðrir, sem koma að ákvörðunum um kvótann á næsta fiskveiðiári, eiga ekki að láta undan þrýstingnum. Þeir eiga að hafa langtímahag sjávarútvegsins og þar með íslenzks efnahagslífs að leiðarljósi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Breytt viðhorf?

Það verður athyglisvert að sjá hvernig sjálfstæðismenn í Reykjavík bregðast við upplýsingum um útstrikanir á Gísla Marteini Baldurssyni í borgarstjórnarkosningunum. Um 19 prósent kjósenda strikuðu yfir hann, eða færðu hann niður á lista. Hann þarf þó ekki að víkja, frekar en hann vill. Það leiðir þó hugann að málum Hrannars B. Arnarssonar og Helga Hjörvar árið 1998. Alls strikuðu 5,5 prósent Helga út, en 22,4 Hrannar. Sjálfstæðismenn í borginni fóru þá mikinn og heimtuðu afsögn þeirra beggja. Ætli viðhorf þeirra hafi breyst?

### Aðskilnaðurinn

„Það er ekkert til sem heitir algjör aðskilnaður ríkis og kirkju," sagði biskupinn yfir Íslandi, Karl Sigurbjörnsson, um helgina. Nú má vel vera að með rökfræðitrixum megi halda þessu fram, það skiptir í raun voðalega litlu. Á meðan eitt trúfélag nýtur réttinda umfram önnur er verið að mismuna. Það er ekki flókið.





### Traustsmælingin

„Þetta er á endanum mat kjósenda í Reykjavík," sagði Bjarni Benediktsson um það hvort hann ætlaði að þrýsta á um afsögn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, sem þáði 25 milljónir í styrki fyrir prófkjör vegna kosninganna árið 2007. Vissulega rétt, en gallinn við þetta er sá að þegar kjósendur mátu Guðlaug Þór, í síðustu kosningum, lágu þessar upplýsingar ekki fyrir. Það skiptir ansi miklu.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Vorar skuldir ...

Trúmál



Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir
Prestur og verkefnisstjóri á Biskupsstofu

Má tala um trúmál og peninga í sama andartakinu? Á kirkjan nokkuð að ræða hluti eins og skuldavanda heimilanna, skuldir landsins og álitamál þeim tengd?

Jesús notaði líkingar um skuldir og lánardrottna í dæmisögum sínum og hann byggði þar á hinum gyðinglega arfi sem viðurkenndi hvernig skuldir geta lamað allt og komið í veg fyrir að manneskjan haldi þeirri reisn sem henni ber. Í Gamla testamentinu sem inniheldur meðal annars lög Gyðinga, eru þau tilmæli að sjöunda hvert ár skuli gefa upp skuldir og leysa menn úr ánauð. Fimmtugasta hvert ár var landi skilað er menn höfðu áður misst vegna skulda.

Af þessum brunni jós kirkjan þegar hún hvatti til þess að skuldir þriðja heimsins yrðu gefnar eftir árið 2000.

Frá sjónarmiði kirkjunnar er mikilvægt að muna að tilgangur efnahagskerfis er að styðja að lífsgæðum fyrir samfélagið. Tilgangurinn á ekki að vera hagnaður eða hagvöxtur sá sem gerir örfáa ríka ríkari. Reynslan af hruninu hér sýnir okkur að hlutverkum var snúið við, í stað þess að samfélagið gætti að markaðinum, gildum hans og verkum, þá setti markaðurinn reglurnar með hrapallegum afleiðingum.

Þegar skuldastaða heimila og þjóðar er rædd eigum við að líta á þær siðfræðihugmyndir sem réðu ferðinni, afsprengi hnattvæðingar og ofurtrúar á markaðinn og spyrja um réttmæti þess hvernig komið er.

Þjóðkirkjan tilheyrir samfélagi kirkna um allan heim sem kallast Lúterska heimssambandið. Aðild að því eiga 140 kirkjur í 79 löndum um allan heim, alls um 70 milljón manns. Lúterska heimssambandið hefur verið ötult að styðja kirkjur í Suður Ameríku og Afríku í baráttu gegn því sem kalla má óréttmætar skuldir. Lúterska heimssambandið hefur einnig bent á að margt sé líkt með Icesave skuldunum og óréttmætum skuldum landa í Afríku og Suður Ameríku. Undir þetta hafa lúterskar kirkjur í Hollandi og Bretlandi tekið.

Það kann að vera erfitt fyrir þjóðarstoltið að kyngja slíkri samlíkingu en líkindin eru til staðar. Þess vegna er áskorunin sú að um leið og við glímum við ábyrgð og afleiðingar hrunsins, þar á meðal Icesave skuldirnar, þá þurfum við að skoða þá alþjóðlegu hugmyndafræði sem leiðir til þessarar stöðu, spyrja um gildi hennar og siðfræði og þora að taka á þar sem breytinga er þörf.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Fjárflokkakerfið

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Nú verður hópur stjórnmálamanna uppvís að því að hafa þegið stórfé af stórfyrirtækjum. Skulu þá þær konur sem í hópnum eru víkja.

Þannig hljóðar ein af þessum óskráðu lagagreinum sem íslensk stjórnmál lúta en enginn nefnir upphátt. Kallarnir með heykvíslarnar og kyndlana sem voru með margra daga umsátur um heimili Steinunnar Valdísar og Þorgerðar Katrínar virtust telja að þeir hefðu náð þeirri siðvæðingu sem þeir stefndu að þegar búið var að hrekja þessar konur úr sínum stöðum. Og gátu sest við tölvurnar til þess að blogga um hversu vond manneskja Sóley Tómasdóttir væri, svo að sú þriðja sé nefnd sem hefur mátt sæta opinberum grýtingum að undanförnu fyrir skoðanir sínar og afskipti af þjóðmálum.

### Andi tímans

Það að tilteknir karlar séu sekir um sömu yfirsjónir fríar þær Þorgerði Katrínu og Steinunni Valdísi að vísu ekki sök í sjálfu sér. En báðar eiga sér málsbætur. Þorgerður Katrín sýpur seyðið af hinni fáránlegu lánastarfsemi – eða hvað þetta markaðsmöndl nú var – sem tíðkaðist í Kaupþingi og eiginmaður hennar tók þátt í, auk þess sem hún var í hópi þeirra íslensku ráðamanna sem stóðu ráðalausir (og hæstánægðir) hjá þegar fjármálafurstar tóku yfir stjórn landsins upp úr einkavæðingu bankanna með þeim afleiðingum að efnahagskerfið hrundi. Steinunn Valdís fékk ómælda fjármuni hjá bönkum og öðru auðvaldi. Þar má hafa tvennt í huga: Í fyrsta lagi varstu á þessum árum púkó ef þú varst ekki í samkrulli við peningamenn – sérstaklega ef þú varst í Samfylkingunni og þurftir að afsanna að þú værir kommúnisti og þar með andvíg „atvinnulífinu“ – þetta var andi tímans. Og hitt: Steinunn Valdís var fulltrúi kvenna í slag um borgarstjórastól við karla sem kann að hafa glapið henni sýn í kappinu að ná sem bestum árangri.

Hugsanlegar málsbætur eiga að efla manni skilning á hlutskipti og gerðum samborgaranna en ekki að vera allsherjar syndaaflausn eins og tíðkast hefur lengi í íslenskri umræðu með orðunum: „sá yðar sem syndlaus er ...“

Andi tímans. Þetta var svona þá. Þetta tíðkaðist. Allir gerðu þetta. Þetta virðist ætla að verða vörn Guðlaugs Þórs sem þáði helmingi meiri peninga en Steinunn Valdís, enda var honum ætlað sögulegt hlutverk: að fella Björn Bjarnason sem Baugsmönnum, helstu styrktaraðilunum, var í fregri nöp við.

Það má til sanns vegar færa að mörk hins siðlega í samskiptum pólitíkusa og stjórnmálamanna voru sérlega óljós á þessum árum, og sérstaklega hefur verið erfitt að átta sig á þeim fyrir ungan sjálfstæðismann, því það hafði tíðkast um árabil að flokkurinn rukkaði „atvinnulífið“ fyrir hverjar kosningar um aðgang að hvers kyns sérleyfaháðum gæðum á borð við vinnu fyrir ameríska herinn, fiskinn í sjónum, flug, siglingar, innflutning, lóðir og byggingastarfsemi.

Þetta samkrull stjórnmálamanna sem stjórna aðgangi að gæðum og kaupsýslumanna sem geta borið fé á stjórnmálamenn er gamalt og rótgróið – ósýnileg spilling sem hér hefur verið undir radar alþjóðlegra mælinga á spillingu.

### Alræði verktakanna

Það gildir einu hvaða stjórnmálamaður það er og úr hvaða flokki: Stjórnmálamenn eiga ekki að fá framlög frá „atvinnulífinu“. Þetta betl er fyrir neðan allar hellur. Þeir eiga ekki að vera eins og götumúsíkant sem gengur með húfu sína milli vegfarenda til að fá launin sín. Þetta blasir við: Fái ég greitt frá einhverjum þá er það vegna þess að ég hef innt af hendi eitthvert verk. Hafi ég ekki gert það er ég skuldbundinn viðkomandi. Eitthvert ógurlegasta böl okkar Íslendinga á undanförnum áratugum er greiður aðgangur athafnaleirskálda að stjórnmálamönnum, sem láta almannahagsmuni víkja eða telja sér trú um að almannahagsmunir séu framkvæmdir, bara einhverjar framkvæmdir. Ekki þarf annað en að horfa á uppbygginguna í byggingariðnaðinum á höfuðborgarsvæðinu til að átta sig á þessu þar sem verktakar tóku greinilega yfir stjórn allra skipulagsmála. Of lengi hefur okkur verið stjórnað af iðnaðarmönnum og steypukóllum. Skuggahverfið í Reykjavík, Norðurbakkinn í Hafnarfirði, nýju hverfin í Kópavogi, eyðilegging Gálgahraunsins á Álftanesi – öll þessi hýbýli vindanna eru vitnisburður um alræði verktakanna sem borið höfðu fé á stjórnmálamenn.

Sveitastjórnarkosningarnar voru ekki bara reiðarslag fyrir fjórflokkinn: þær voru líka áfellisdómur yfir fjárflokknum sem vonandi er dauður og lifnar aldrei aftur.

Auglýsingasími
512 54 01


Allt sem þú þarft...

25% afsláttur í júní

Nafnspjöld




250stk ~~12.975~~kr
með 25% afslætti 9.731kr

Verð er gefið upp án vsk. og akstur. Verð getur breyst án fyrirvara. Rétt verð má sjá á www.oddi.is. Allir uppgefnir vinnslutímar miðast við samþykki lokaprófarkar og afhendingu vöru inn á afgreiðslulager Odda. Vinnslutímar geta tekið breytingum. Birt með fyrirvara um prentvillur. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

ODDI

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Orkuveita Reykjavíkur

Ganga um Hengilssvæðið I

Þriðjudaginn 8. júní verður farið í fræðslu- og gönguferð á Hengilsvæðinu. Hugað verður að orkunni og beislun hennar, orkujarðfræði, gróðri og sögu. Mæting í Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól kl.19:30.
Leiðsögumenn eru Einar Gunnlaugsson, jarðfræðingur og Guðríður Helgadóttir, líffræðingur.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.
Athugið að efni dagsins getur riðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar.
www.or.is




HÁSKÓLANÁM
• Mekatróník tæknifræði
• Orku- og umhverfistæknifræði

UNDIRBÚNINGUR FYRIR HÁSKÓLANÁM
• Háskólabrú *(einnig á Akureyri)*

STARFSNÁM
• Flugumferðarstjórn
• Flugþjónustunám
• Flugrekstrarfræði
• ÍAK einkaþjálfun *(einnig á Akureyri)*
• ÍAK íþróttaþjálfun

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

ÁSBRÚ - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

**NÍNA BJÖRK ÁRNADÓTTIR FÆDDIST ÞENNAN DAG.**



*„Það hefur verið deilt hart á kaþólska kirkju gegnum aldirnar, og víst hefur hún gert mikið rangt, en það ranglæti er ekki framið af Kristi, heldur eru það mennirnir sem hafa brugðist. Kristur bregst ekki.“*

***Nína Björk Árnadóttir (1941-2000) var velþekkt ljóðskáld og rithöfundur.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 7. JÚNÍ 1992**

## Herjólfur III til Vestmannaeyja

Skipið Herjólfur kom til Vestmannaeyja fyrir átján árum. Skipið siglir á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar en þetta er þriðja bílferjan á þessari sjóleið sem ber sama nafn. Skipin þrjú eru nefnd eftir Herjólfi Bárðarsyni sem talinn er vera fyrsti landnámsmaður Vestmannaeyja.

Herjólfur III er smíðaður í Flekkefjord í Noregi og siglir venjulega á um 16,5 sjómílna ferð og tekur siglingin milli Þórshafnar og Vestmannaeyja tvo tíma og 45 mínútur. Herjólfur III getur flutt allt að fimm hundruð farþega.

Fyrsti Herjólfur kom til landsins í desember 1959 og var í ferðum fram í júlí 1974. Sigldi sá Herjólfur daglega á milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja en sigldi auk þess hálfsmánaðarlega til Hornafjarðar og á sumrin til Þorlákshafnar einu sinni í viku.



Í júní 1976 kom svo nýr Herjólfur til Eyja. Hann gat flutt um 350 farþega í hverri ferð og var tæpan þrjá og hálfan tíma til Þorlákshafnar. Skipið var staðsett í Vestmannaeyjum og gert út þaðan. Á þeim tæplega sextán árum sem Herjólfur II var í ferðum milli lands og Eyja flutti hann um 800 þúsund farþega.

**MERKISATBURÐIR**

1494 Spánn og Portúgal skrifa undir samkomulag sem skipti Nýja heiminum milli þessara tveggja landa.
1654 Loðvík 14. krýndur konungur Frakklands.
1862 Bandaríkin og Bretland ákveða að hætta þrælasölu.
1904 Íslandsbanki tekur til starfa en er lokað 3. febrúar 1930.
1914 Fyrsta skipið siglir í gegnum Panamaskurðinn.
1951 Minnismerki í Fossvogskirkjugarði í Reykjavík um 212 breska hermenn sem féllu hér í seinni heimsstyrjöldinni afhjúpað.



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og jarðarför áskærs eiginsmanns míns ,sonar, föður tengdaföðurs og afa*

**Sigvalda Ingimundarsonar**

Íþróttakennara, Lækjarsmára 2, Kópavogi

Starfafólki Karitas og líknadeildar færum við bestu þakkir. Einnig fær starfsfólk Sjálfsbjargarheimilisins þakkir fyrir einstaka umönnun hlýju og stuðning

**Sigurrós Gunnarsdóttir**
**Ingibjörg Sigvaldadóttir**
**Helga Ingibjörg Sigvaldadóttir** **Lexi Leban**
**Þóra Kristín Sigvaldadóttir** **Garðar Hallur Sigurðsson**
**Jón Ingi Sigvaldason** **Valborg Sigrún Jónsdóttir**
**Gunnar Sigvaldason** **Katrín Jakobsdóttir**
**og barnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Jónsson**

fiskifræðingur, fyrrv. forstjóri Hafrannsóknarstofunnar,

sem lést mánudaginn 31. maí, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 8. Júní kl. 15:00.

**Ragnheiður Jónsdóttir** **Brynjólfur Þór Brynjólfsson**
**Erla Bragadóttir**
**Björg Kristín Jónsdóttir** **Elías Héðinsson**
**Þuríður Jónsdóttir Gleaser** **Hans Ulrich Gleaser**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkæra dóttir okkar, systir og mákona,*

**Sigríður Tómasdóttir**

Hólabergi 76, Reykjavík

Lést á heimili okkar Götu, Selvogi Laugardaginn 29 mai. Jarðaförin hefur farið fram í kyrrþey frá Strandarkirkju í Selvogi. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Sylvía Hildur Ágústdóttir** **Thómas Sigurpálsson**
**Georg Arnar Tómasson**
**Guðrún Tómasdóttir** **Guðmundur Örn Hansson**
**Ágúst Páll Tómasson**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


**HEIÐMÖRK:** 60 ÁR FRÁ ÞVÍ AÐ SVÆÐIÐ VAR VÍGT SEM ÚTIVISTARSVÆÐI

# Vegleg afmælisdagskrá í júní

Sumarið 1950 var Heiðmörk vígð sem útivistarsvæði fyrir almenning. Í ályktun bæjarstjórnar frá því ári er sagt að Heiðmörk eigi að verða „friðland og skemmtigarður Reykvíkinga“. Af því tilefni efnir Skógræktarfélag Íslands til nokkurra daga afmælisveislu í Heiðmörk sem hefst þann 21. júní. Bergþóra Einarsdóttir er ein þeirra sem sér um að skipuleggja dagskrána.

„Dagskráin hefst með því að ný jólatré verða gróðursett í Heiðmörk. Þau tré voru keypt fyrir peninga sem söfnuðust þegar Gámaþjónustan og Skógræktarfélag Reykjavíkur söfnuðu saman jólatrjánum eftir hátíðarhöldin í desember, gegn fimm hundruð krónum. Þannig getur fólk fylgst með staðgengli gamla jólatrésins í Heiðmörk,“ segir Bergþóra.

Af því sem verður í boði má nefna fuglaskoðun, sögugöngu, leiðsögn með Ferðafélagi Íslands um landnemareitinn þeirra, tónleika og einn daginn, miðvikudaginn 23. júní, verður hægt að veiða án endurgjalds í Elliðavatni. Það kvöld mun Jón Kristinsson fiskifræðingur jafnframt ræða við fólk um vatnið, hvar best er að veiða og boðið verður upp á grillaðan silung.

„Sögugangan er farin með Helgu Sigmundsdóttur, nýútskrifuðum umhverfis- og skipulagsfræðingi, en hún tók Elliðavatnsreitinn fyrir í lokaverkefni sínu og fann meðal annars upplýsingar um dularfulla brú undir Elliðavatni. Við erum búin að fá kafara til að koma fyrr um daginn og vonandi getum við myndað þetta og sýnt um kvöldið. Þetta er gömul brú og einhvers konar mynstur skorin í hana. Tónleikarnir á föstudagskvöld verða í Dropanum, sem er lítið rjóður út frá Furulundi, en rúta mun sækja gesti á Lækjartorg, skutla þeim hingað upp eftir og keyra svo til baka með þá. Öll þessi dagskrá er ókeypis en svo verðum við með námskeið sem kostar að skrá sig á, tálgunarnámskeið fyrir foreldra og börn, sem hefur verið mjög vinsælt.“

Ráðstefna þar sem verðmætamat Heiðmerkur og skipulagstillögur verða teknar fyrir er á dagskrá á föstudeginum 25. júní og er forvitnileg fyrir alla þá sem hafa áhuga á náttúruauðlindinni Heiðmörk að sögn Bergþóru og



**ALLT Á FULLU** Bergþóra Einarsdóttir er ein þeirra sem sér um að skipuleggja afmælisdagskrá sem hefst 21. júní í Heiðmörk og er þessa dagana meðal annars að útbúa lengstu þrautabraut sem gerð hefur verið úr skógarefni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

veitingar þar á boðstólum verða silungur úr Elliðavatni, kerfil- og hvannabauð og Heiðmerkurte en ráðstefnan hefst klukkan 14.00.

„Á laugardeginum mun Jón Gnarr, verðandi borgarstjóri Reykjavíkur, gróðursetja tré í Vígsluflöt, þeim stað þar sem Heiðmörk var vígð. Þann dag verður mikil fjölskyldudagskrá í gangi, með lengstu þrautabraut sem gerð hefur verið úr skógarefni, góðum mat, tónlist og síðast en ekki síst lúpínuslag,“ segir Bergþóra og heldur áfram við að undirbúa dagskrána sem hefst eftir tvær vikur.

juliam@frettabladid.is



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigursteinn H. Hersveinsson**

rafeindavirkjameistari og kennari
Sóltúni 12, Reykjavík

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut, fimmtudaginn 27. maí, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 8. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á KFUM og KFUK og Samband íslenskra kristniboðsfélaga.

**Ingibjörg Kolbeinsdóttir**
**Margrét Árný Sigursteinsdóttir** **Sigurður Leifsson**
**Þórir Sigursteinsson** **Birna Einarsdóttir**
**Gunnar Hersveinn** **Friðbjörg Ingimarsdóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**



*Systir mín og frænka okkar,*

**Erla Elíasdóttir**

fyrrum aðstoðarháskólaritari

sem lést 31. maí verður jarðsungin frá Fossvogskirkju í dag, Mánudaginn 7. júní, kl. 15.

**Ágúst Halldór Elíasson**
**Anna Steinunn Ágústsdóttir**
**Einar Ingi Ágústsson**
**Elías Halldór Ágústsson**
**Eva Ágústsdóttir Stewart**
**Sveinn Andri Sveinsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

**ÍKON** geta verið mjög skemmtilegar veggskreytingar. Oft kemur líka virkilega vel út að vera með nokkrar ólíkar helgimyndir í mismunandi stærðum saman á vegg.





FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447








„Það sem ég geri í verkum mínum er að bjóða mig velkominn á svæði sem ég er ekki endilega velkominn á,“ segir Snorri grallaralegur með sögulega gripi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lét afhenda sér lykil að New York og frelsisstyttu

**Dýrgripirnir hans Snorra Ásmundssonar myndlistarmanns eru margvíslegir. Þar má nefna lykil að sjálfri New York-borg og mynd af meistara Hilarius sem kemur honum í samband við alheimsvitundina.**

„Þetta er sá meistari sem mun fylgja mér til Palestínu sem dýrlingur,“ segir Snorri með sitt alþekkta glimt í auga og bendir á mynd af fögrum manni sem hangir á veggnum hjá honum. Hann segir myndina hafa verið í fórum afa síns, Snorra Ólafssonar, yfirlæknis á Kristneshæli, en að eftir hans dag hafi enginn kunnað að meta hana. Þegar hann hafi sýnt áhuga á að eiga hana hafi það verið auðsótt mál. „Ég hengdi myndina upp í stúdíóinu mínu á Akureyri og daginn eftir kom bókmenntafræðimenntuð vinkona mín í heimsókn. Hún kvaðst einmitt hafa séð þessa mynd daginn áður í bók frá því um aldamótin 1900 sem hún hefði fengið á bókasafni frímúrara. Þar komumst við að því að hún er af meistara Hilarion sem var fæddur í Palestínu, var prestur í musteri sannleikans og hjálpar fólki að ná sambandi við alheimsvitundina.“

Frelsisstyttan er hluti af öðru verki sem Snorri gerði í tengslum við forsetaframboðið 2004. „Ég var ekki með alveg nógu góða ferilskrá til að verða forseti. Á sakaskránni var ölvunarakstur og alls konar leiðindi og ég þurfti að bæta ímynd mína. Þess vegna reyndi ég að fá heiðursborgaranafnbót hér og þar, meðal annars á Akureyri og Seyðisfirði. Svo var mér boðið að sýna í New York og hafði samband við hana Dorrit því hún þekkir Bloomberg, borgarstjóra þar. Hann kom samt ekki á sýninguna en ég fékk mann til að afhenda mér frelsisstyttu sem ég keypti í minjagripabúð og spreyjaði gyllta og setti lykil að New York um hálsinn. Þetta var mjög falleg athöfn. Verk mín ganga jú dálítið út á það að stökkva upp á dekk og bjóða mig velkominn,“ segir Snorri sem einmitt er með sýningu í Listasal Mosfellsbæjar. Hún nefnist Moso Mongo Memory Mix.

*gun@frettabladid.is*





Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



**BLÓM** í pottum gera mikið fyrir sólpallinn. Einnig getur komið mjög vel út að hengja potta með marglitum blómum í trén í garðinum.




OG BUXUR Í STÍL !!



teg. 42026 - mjög mikið fylltur í BC skálum á kr. 4.350,- buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur

vísir.is
„...ég sá það á vísi"




Smart svart borð út á verönd. 160 x 90 cm. ILVA, Korputorgi. Verð: 39.994 krónur.

Limegrænn stóll sem hægt er að fella saman. ILVA, Korputorgi. Verð: 2.995 krónur

Rolf Svensson hannaði hinn gullfallega BROMMÖ-legubekk fyrir IKEA. IKEA, Kauptúni 4. Verð: 11.990 krónur.

Nett og þægilegt brúnt BOLLÖ-fellibörð úr aksaíuvið. IKEA, Kauptúni 4. Verð: 4.990 krónur.

Svart og hvítt stílhreint teppi út á svalir. ILVA, Korputorgi. Verð: 2.495 krónur.

Það er ekki oft sem grill eru mikið fyrir augað en Weber kolagrillið er eitt þeirra. Húsasmiðjan, Skútuvogur 16. Verð: 42.995 krónur.

Phuket-sólbekkurinn kemur mjög vel út á pöllum - með hjólum og gráum púðum. Húsasmiðjan, Skútuvogur 16. Verð: 19.895 krónur.

# Heimilisfólk í garðinum

**Veðurblíðan hefur verið einstök undanfarið og ekki að undra þótt margir vilji helst færa sófann og eldavélina út í garð. Fréttablaðið renndi stuttlega yfir nokkra forláta muni fyrir garðbúa.**

Garðhúsgögn og grill er að verða að staðalbúnaði garðeigenda yfir sumartímann enda sumrin verið hlý. Mikið er til af fínum garðhúsgögnum í búðunum og síðustu misserin er nokkuð um að þau séu máluð í sterkum litum eða mjallahvítu.

Það eina sem þarf að hafa hugfast er að koma þeim fyrir í öruggt skjól í haust svo ekki þurfi að fjárfesta í nýjum á hverju sumri. En þangað til er um að gera að skreyta þau með púðum, pullum og blómum einhvers staðar úr villtu nágrenni.

*juliam@frettabladid.is*


Rauðakrosshúsið

Dagskrá vikunnar

Sumaropnun mán.- fös. kl. 13-16

Athugið breytingar á föstum dagskrárliðum
Qi Gong verður í Grasagarðinum við Kaffi Flóru
á þriðjudögum kl. 11:15

Mánudagur 7. júní

Möguleikar internetsins og óhefðbundin atvinna
Innsýn inn í markaðssetningu á netinu. Tími: 13-14

Prjónahópur - Komdu og prjónaðu. Tími: 13-15

EFT og djúpslökun - Lærðu að nota tækni sem getur bætt líf þitt. Tími: 14-16

Ráðgjöf fyrir innflytjendur - Sérsniðin lögfræðiráðgjöf og stuðningur við innflytjendur. Tími: 14 -16

Briddsklúbbur - Viltu spila bridds? Tími: 14-16

Ungi sjálfboðaliðinn - Það er ekki hundleiðinlegt að vera sjálfboðaliði. Prófaðu eitthvað nýtt og gefðu af þér í leiðinni. Tími: 14 - 15.

Jóga - Breyttur tími - Viltu prófa jóga? Tími: 15 - 16

Þriðjudagur 8. júní

Láttu viðskiptahugmyndina verða að veruleika
Birgir Grímsson frá V6 Sprotahúsi fjallar um hvernig má stofna fyrirtæki, auka árangur og minnka líkur á mistökum án þess að kosta miklu til. Tími: 13-14

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 13-14

Íslenskuhópur - Hefur þú lært íslensku en þarft að æfa þig í að tala? Tími: 13 -14

Lífskraftur og tilfinningar - Lærðu að þekkja tilfinningar þínar, þjálfa þig í að stjórna þeim og styrkja þig. Fyrsti hluti af sex. Skráning nauðsynleg. Tími: 13-15

Vinnum saman - Ný viðhorf (Býflugurnar) - Vertu með í skapandi hópi atvinnuleitenda. Tími: 14 -16

Miðvikudagur 9. júní - Opið frá 9 til 16

Miðvikudagar eru dagar unga fólksins í Rauðakrosshúsinu. Fólk á aldrinum 16 - 24 ára er sérstaklega hvatt til að mæta.

Taktur - Hönnunar-, prjóna-, heilsu- og íslenskuhópar, fréttasmiðja, atvinnuleit og ferilskrá. Tími: 9-13

Fimmtudagur 10. júní

Fantasiupasta - Lærðu að gera ljúffenga pastasósu og fáðu gott smakk í lokin. Tími: 13 -14

Saumasmiðjan - Síðasta skipti fyrir sumarfrí. Tími: 13-15

Tölvuaðstoð - Breyttur tími - Persónuleg aðstoð. Komdu með fartölvu ef þú getur. Tími: 14 - 15

Safaríkt sumar með heilsuhópnum - Lærðu að gera alvöru grænmetis- og ávaxtasafa og fáðu smakk. Hollt og gott og tækifæri til að kynnast heilsuhópnum. Tími: 14-15

Art of living - Í þessari viku fjallar Lilja sérstaklega um brosið og lífið ásamt því að teygja vel. Tími: 15-16

Föstudagur 11. júní

Japanskur hversdagsmatur - Fáðu að smakka og lærðu að búa til bragðgóðan mat með Tosiki Toma. Tími: 13-14

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 12.30 -13.30.

Lífskraftur og tilfinningar - Annar hluti af sex skipta hópvinnu sem hófst á þriðjudaginn. Lokað eftir fyrsta tímann. Tími: 13 -15

Hvers vegna verðum við meðvirk? - Ráðgjafar Lausnarinnar verða með fyrirlestur um vandamálið. Tími: 14-15

Hláturjóga - Viltu losa um spennu? Tími: 15-16

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 13-16




Sumum finnst miklu skemmtilegra að raða bókum eftir lit í hillurnar til að lífga upp á stofuna. MYND/FAMILYLIVING.SE

# Uppreisn í hillunni

**Bókum er gjarnan raðað í hillur eftir ströngustu reglum bókasafnsfræðinnar og flokkaðar niður eftir efni, höfundi og þar fram eftir götunum.**

Þeir sem líta á bækurnar sínar meira sem stofustáss brjóta þessar reglur hikstalaust.

Enda auðvitað miklu skemmtilegra að lífga upp á stofuna með því að raða bókunum eftir lit, láta þær mynda munstur í hillunum eða snúa kjölum bókanna jafnvel að veggnum svo engin leið sé að sjá hvert innihaldið er. *-rat*

# Viðrað eftir veturinn

**Sængurfatnað þarf að viðra og þvo eftir veturinn enda jafnast ekkert á við að leggjast til svefns undir brakandi hreinum sængum.**

Góð regla er að skipta um sængurföt á tveggja vikna fresti og þvo á 60 gráðum en við það drepast rykmaurar. Á heimasíðu Astma og ofnæmisfélagsins er mælt með að þvo rúmföt vikulega til að minnka magn rykmaura en þeir geta valdið ofnæmisviðbrögðum.

Sængurnar sjálfar má einnig þvo reglulega og fylgja leiðbeiningum á þvottamiða eða láta hreinsa.

Dúnsængur skal ekki setja í hreinsun heldur þvo í vél þar sem dúnninn getur tekið til sín kemísk efni sem notuð eru í hreinsun. Á vefsíðu LínDesign segir að dúnsængur skuli þvo við 50 gráður og þurrka síðan vel í þurrkara. Betra er að þurrka sængurnar lengur við lægra hitastig og setja tennisbolta með í þurrkarann en hann slær lofti aftur í sængina. *-rat*



Sængurnar þarf að þvo og viðra reglulega.

# híbýli&viðhald

MÁNUDAGUR 7. JÚNÍ 2010




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






GARÐYRKJA & UMHVERFIÐ
MAGNÚS BJARKLIND

# Um trjáfellingar



Mikilvægt er að kynna sér reglur um trjáfellingar og sækja um tilskilin leyfi áður en tré er fellt. MYND/MAGNÚS BJARKLIND

Trjáfelling er vandasamt verkefni. Mikilvægt er að hafa til þess menntun, reynslu og sérhæfð verkfæri. Víða eru aðstæður erfiðar, meðal annars getur plássleysi og hæð trjáa valdið því að nauðsynlegt er að beita sérhæfðum búnaði.

Reglur um trjáfellingar geta verið breytilegar á milli sveitarfélaga. Í flestum sveitarfélögum ber mönnum skylda til að sækja um leyfi til að fella tré sem eru hærri en 8 metrar eða eldri en 60 ára. Mikilvægt er að kynna sér reglur viðkomandi sveitarfélags og sækja um tilskilin leyfi áður en tré er fellt.

Tilgangur trjáfellinga getur verið margvíslegur. Öll tré hafa ákveðinn líftíma sem er breytilegur á milli tegunda. Garðtré hafa almennt styttri líftíma en tré sem vaxa við „náttúrulegar aðstæður", til dæmis í skógum. Einnig geta ýmsir sjúkdómar og vanþrif hrjáð trjágróður.

Margar trjátegundir verða hávaxnar og skyggja þar af leiðandi á sól og útsýni. Best er að slíkum trjám sé ekki plantað í smærri garða eða á staði þar sem fyrirséð er að þau munu valda vandamálum og óánægju. Á móti kemur að slík tré gefa af sér mikið skjól gegn veðri og vindum og setja sterkan svip á útlit lóðar og götumynd. Trjáfelling skal því alltaf vera vel ígrunduð þar sem hún verður ekki tekin til baka.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að fella tré og öll nauðsynleg leyfi liggja fyrir er rétt að meta aðstæður til fellingar. Oft er hæð og staðsetning trés þannig að illmögulegt er að fella það í einu lagi. Þá er nauðsynlegt að fjarlægja tréð í nokkrum áföngum. Sýna þarf aðgát þar sem þungar greinar geta valdið slysum og tjóni.

### KOLLUN

Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að saga ofan af stofni trjáa t.d. öspum. Slík aðgerð kallast „Kollun". Þessi vaxtarstýring þykir afar óheppileg og skilar ekki árangri til lengri tíma. Eftir að sagað er ofan af trénu myndast mikill greinavöxtur við sárið þar sem tréð reynir að mynda nýjan topp. Króna trésins verður ójöfn, fær á sig leiðinlegt útlit og kallar á mikið viðhald. Einnig myndar tréð gjarnan mikið af rótarskotum. Alvarlegasti ókostur kollunar er að tréð getur ekki lokað sárinu, sjúkdómar og rot eiga greiðan aðgang að stofninum og tréð deyr á nokkrum árum.

Fáðu ávallt álit fagmanns, þ.e. garðyrkjumanns með sérhæfða menntun og réttindi, áður en þú tekur vandasama ákvörðun um óafturkræfar aðgerðir á trjágróðri.

*Sjá nánar um trjáfellingar og önnur verkefni garðeigandans á heimasíðunni www.meistari.is*



Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN
STANGARHYL 1 · 110 REYKJAVIK · SÍMI: 570 8600 · FAX: 552 9450
NETFANG: INFO@SMYRIL-LINE.IS · HEIMASÍÐA: WWW.NORRÆNA.IS



Hér er útlit skjólveggja við íbúðir sömu blokkar í hrópandi ósamræmi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Nágranninn ræður alltaf

**Á sumrin er indælt að njóta góðviðris á vel heppnuðum sólpalli, en slík smíð er ávallt háð samþykki nágrannans.**



Magnús Sædal Svavarsson heima á sólpallinum sínum, sem að sjálfsögðu er smíðaður með tilsettu byggingarleyfi. Hér stendur hann við alparifsið góða sem gegnir hlutverki girðingar og er jafn sterkt og þétt að vetri til, þótt laufskrúðið láti undan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þeir sem búa í fjölbýlishúsi og eru með sérnotaflöt framan við íbúð sína þurfa ekki byggingaleyfi til palla- og girðingasmíða ef girðing eða skjólveggur er lægri en 180 sentimetrar og fjær lóðarmörkum en því sem hæð hennar nemur. Aðgætið þó vandlega að í fjöleignarhúsum þarf skilyrðislaust samþykki meðlóðarhafa fyrir öllum tilfæringum á lóðinni og því fer enginn út í það að smíða pall, skjólvegg eða girðingar án þess að hafa samþykki allra íbúa í öllum stigagöngum fjölbýlishússins áður. Lóðin er sameign og sérnotaflöt breytir í engu hlutdeild eigenda í lóðinni heldur er aðeins afmarkaður hluti lóðar til einkanota," segir Magnús Sædal Svavarsson byggingarfulltrúi Reykjavíkur um leyfisveitingar vegna palla- og girðingasmíða við fjölbýlishús.

„Um slíkar framkvæmdir gilda ákvæði fjöleignarhúsalaga númer 26 frá 1994 um samþykki meðeigenda og þar kemur fram í ítarlegu máli að allir sem einn þurfi að samþykkja framkvæmdirnar."

Magnús segir æ meira áberandi að útlit sé ekki samræmt við fjölbýlishús þegar kemur að palla- og girðingarsmíðum á sérnotaflötum.

„Því miður kaupa margir staðlaðar byggingaeiningar fyrir þessar smíðar og hver eftir sínum smekk, en vitanlega eiga pallar og skjólveggir við sama fjöleignarhús að líta eins út svo heildarútlit sé samræmt. Okkar embætti gegnir því hlutverki að meta form og hlutföll og við krefjumst samræmis svo heildarsvipur glatist ekki og útkoman verði eins og í Kardimommubænum. Aðrir íbúar hússins hafa svo líka um þetta að segja og geta gert kröfu um að girðing sé fjarlægð með því að beita ákvæðum fjöleignarhúsalaga," segir Magnús sem er einlægur stuðningsmaður gróðurs í stað girðinga og mælir gjarnan með þeirri góðu lausn í deilumálum sem lúta að byggingu girðinga.

„Margir reisa girðingar og ímynda sér að þeim fylgi gott skjól en staðreyndin er sú að girðingar skekkjast í vindum því frá þeim er illa gengið og því mun heppilegra að koma sér upp góðum runnagróðri í kringum svona svæði og halda niðri með trjáklippingum. Sjálfur bý ég í einbýlishúsi með stórri verönd þar sem ég setti niður alparifs og um miðjan maí var það orðið iðjagrænt og lokað, sem virkar eins og fínasta girðing sem þarf aldrei að bera á olíudropa til viðhalds. Þennan kost notar fólk ekki nægilega mikið, en trjágróður brýtur vind miklu betur niður en þunnar girðingar sem vegna sogs myndar trekk á svæðinu. Skjólgirðingum og gróðri ætti því að blanda meira saman og nota kostina sitt á hvað."

Magnús segir eftirlit lítið sem ekkert með palla- og girðingasmíðum landsmanna en ágreiningsmál komi reglulega á borð byggingarfulltrúa þegar nágrannar fara í hár saman.

„Sem betur fer er þorri fólks það hygginn að tryggja sig fyrirfram og fá bæði byggingarleyfi og samþykki nágranna áður en ráðist er í verkið, en margir eru líka á gráu svæði og við fáum til okkar mörg mál þar sem samþykki og byggingarleyfi eru í lausu lofti og enda með að rífa þarf niður girðingar og palla. Um þetta þurfa húseigendur að vera meðvitaðir og alltaf gott að hafa vaðið fyrir neðan sig því við eigendaskipti getur margt breyst og rimma skapast þegar fyrir liggur hvorki skriflegt leyfi fyrri eiganda né byggingarleyfi fyrir smíðinni."

*- þlg*



Við þetta fjölbýlishús hafa sólpallar og skjólveggir samrýmt heildarútlit, eins og lög og reglur kveða á um, og verður til fyrirmyndar um ókomna tíð, því ósamræmi skerðir mjög fagurfræðilegt heildarútlit sameignar utanhúss. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## ● HAFÐU ÞETTA Í HUGA ÁÐUR EN ÞÚ HEFST HANDA

+ Leyfi þarf frá öllum eigendum hússins áður en sólpallur og skjólveggir eru byggðir við sérnotaflatir.
+ Byggingarleyfi verður að liggja fyrir ef skjólveggur nær 180 sentimetra hæð.
+ Meðeigendur þurfa allir sem einn að samþykkja framkvæmdir sem orsaka verulega breytingu á heildarútili húss.
+ Trjágróður getur verið mun hentugri lausn í skjólveggi og girðingar en timbur og annar efniviður til slíkra bygginga.
+ Árlega þarf að rífa fjölmarga sólpalla og skjólveggi vegna skorts á byggingarleyfi og samþykki meðeigenda.

FASTEIGNIR.IS
23. TBL.
7. JÚNÍ 2010
VÍSIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ





# Dreymir þig um nýja nágranna?

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.
**Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar,með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

heimili FASTEIGNASALA



Til sölu

# Fiskislóð 73

## Auðveld kaup



1000m2 verslunar- iðnaðar- og þjónustuhúsnæði (Allt húsið)
Þar af skrifstofur c.a. 200m2. Þrennar stórar innkeyrsludyr.
7m lofthæð í sölum. Góð athafnalóð og næg bílastæði

**Útborgun ca. 40 millj.**
**Hagstæð langtímalán til 25 ára með 5,1% vöxtum.**

**Upplýsingar í síma: 861-3889**



## Vinsælt veitingahús í miðbæ Reykjavíkur til sölu

Rúmar 100 manns í sæti. Góður langtíma leigusamningur og möguleiki á að kaupa fasteignina einnig. Frábær tími framundan. Gott atvinnutækifæri fyrir duglega einstaklinga.
**Áhugasamir hafið samband í síma 6923344**


# Á góðum stað í Kópavogi

**Fasteignakaup kynnir vel staðsett 247 fm einbýlishús við Skjólbraut 20 í Kópavogi.**



**Húsið er á tveimur hæðum með fjórum til fimm svefnherbergjum og innbyggðum bílskúr.**

Húsið er á tveimur hæðum með fjórum til fimm svefnherbergjum og innbyggðum bílskúr, gengið er inn í húsið á neðri hæð.

Á neðri hæð er forstofa með Höganes flísum á gólfi, stórt svefnherbergi með fataherbergi og snyrtingu inn af herbergi. Þar er vinnuherbergi, gestasnyrting og saunaklefi er inn af þvottahúsi

Stigi upp á efri hæð er léttur með tréprepum. Á stofugólfi er gegnheilt beykiparket, á svefnherbergjum er parket, skápar eru í tveimur. Á efri hæðinni er rúmgott baðherbergi og stórt eldhús með upprunarlegri innréttingu í „seventies“ stíl. Vínyl-flísar á gólfi.

Húsið er hitað upp með loftræstingu og ofnum. Gengið er út á svalir til suðurs og vesturs. Efri hæðin er 124 fm og íbúðarrými á neðri hæð er 86 fm. Bílskúr er 39 fm með hita og rafmagni. Mikið útsýni er af efri hæð og svölum. Lóðin er falleg og hefur verið endurgerð að hluta.

Hér er um að ræða vel staðsett hús á eftirsóttum stað í vesturbæ Kópavogs með góðu útsýni þar sem stutt er út á stofnbraut og í miðbæinn, skóla, sundlaug og alla aðra þjónustu.

Ásett verð hússins er 57,5 milljónir.


Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Þórðarsveigur 6, íbúð 501 - 4ra herbergja





Sérlega glæsileg 107 m2, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð við Þórðarsveig í Grafarholtinu, ásamt bílastæði í bílageymslu. Falleg gólfefni og innréttingar. Vönduð tæki. Glæsileg íbúð með fallegu útsýni! V. 24,8 m. **Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

## Reykjabyggð - 270 Mosfellsbær




Mjög fallegt 180,1 m2 einbýlishús á einni hæð við Reykjabyggð. Falleg aðkoma er að húsinu, bílaplan og gönguleið að húsi er hellulögð og garðurinn gróinn. Góð staðsetning í rólegum botnlanga. V. 39,9 m. 4940

## Furugerði 19 - 108 Reykjavík




97,8 m2 íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli með glæsilegu útsýni við Furugerði 19 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax.
V. 21,9 m. 4922
**Opið hús á morgun þriðjudag frá kl. 17:30 til 18:00**



**Lækjarmelur 8 - 116 Reykjavík**
125 til 135 m2 atvinnuhúsnæði með millilofti við Lækjarmel 8 í Reykjavík. Ca. 100 m2 vinnslusalur með vélslípuðu gólfi og ca. 30 m2 milliloft með stálstiga og stálhandriði. Bilið er með góðri innkeyrsluhurð, mikil lofthæð og þriggja fasa rafmagn. Snyrting með salerni og handlaug er í rýminu auk skolvasks. Verð frá 12 til 12,9 m.



**Tröllateigur - 270 Mosfellsbær**
Falleg 4ra herbergja, 100,7 m2 íbúð á annari hæð í fjölbýlishúsi við Tröllateig. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, baðherb. með baðkari og sturtu, þvottahús, þrjú svefnherb., eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir einnig 7,2 m2 sérgeymsla. Þetta er falleg eign miðsvæðis í Mosfellsbænum.
V. 24,9 m.



**Stórikriki 41 - 270 Mosfellsbær**
352,6 m2 einbýlishús í byggingu á stórri hornlóð við Stórakrika 41 í Mosfellsbæ. Húsið er byggingu í dag og selst í núverandi ástandi. Búið er að steypa botnplötu 1. og 2. hæðar, auk þess sem búið er að steypa upp bílskúr. V. 23,9 m. 4762



**Dælisárvegur - Meðalfellsvatn**
60,8 m2 sumarbústaður við Dælisárveg 1 í landi Meðalfells, rétt við Meðalfellsvatn í Kjósinni. Húsið skiptist í forstofu, baðherbergi m/sturtu, tvö svefnherbergi, stofu, eldhús og risloft. Á landinu er einnig lítill vinnuskúr, sem ekki er skráður í Fasteignaskrá Íslands. V. 13,9 m. 4895



**Hvammsskógur - Skorradalur**
TV Emsdetten mætir liði Dormagen í tveimur úrslitaleikjum um laust sæti í þýsku deildinni en Dormagen endaði í þriðja neðsta sæti úrvalsdeildarinnar í vetur. Leikirnir fara fram 13. og 19. júní og er seinni leikurinn á heimavelli Emsdetten.

Hreiðar Levý er ekki eini Íslendingurinn sem bíður spenntur eftir gengi Emsdetten á móti Dormagen því Patrekur Jóhannesson mun þjálfa liðið næsta vetur og Valsmaðurinn Fannar Þór Friðgeirsson hefur samið um að spila með liðinu. - óój

Sverre Jakobsson gerði nýjan samning við Grosswallsstadt og er að fara að gifta sig á laugardaginn:

# Ræður sjálfur hvort hann klári þriðja árið

**HANDBOLTI** Þetta er viðburðarrík vika fyrir landsliðsmanninn Sverre Jakobsson sem fagnaði Evrópusæti með félögum sínum í Grosswallstadt eftir lokaumferð þýsku deildarinnar um helgina. Sverre skrifaði undir nýjan samning fyrir helgi, spilar tvo landsleiki við Dani í vikunni og giftir sig síðan á laugardaginn kemur.

„Þetta kom nokkuð óvænt upp því ég var með eins árs samning. Þeir vildu rifta þeim samningi og búa til nýjan og aðeins lengri samning. Þetta er í rauninni tveggja ára samningur með möguleika á einu ári til viðbótar einhliða frá mér. Það er mikill plús,“ segir Sverre sem var í þeirri óvenjulegri stöðu að fagna eftir tapleik á móti Kiel á laugardaginn.

„Það fögnuðu allir eftir leikinn og það var sama í hvaða búningi menn voru. Maður faðmaði bara alla og þetta varð bara að einu stóru partýi,“ sagði Sverre en sigur Gummersbach á Füchse Berlin þýddi að Grosswallstadt hélt áttunda og síðasta Evrópusætinu.

„Þetta var ótrúlegur plús á góðu tímabili fyrir okkur. Það átti enginn von á þessu nokkurn tímann að við gætum náð Evrópusæti. Við erum að bæta okkur gríðarlega frá síðasta tímabili og Evrópukeppnin verður gulrót á næsta tímabili,“ segir Sverre.

„Nú eru það bara tveir landsleikir á skömmum tíma á móti Dönum. Það verður bara skemmtilegt verkefni því það er alltaf gaman að spila á móti Dönum. Það er fínt að taka þetta strax eftir tímabilið þegar maður er ennþá heitur. Eftir þessa tvo leiki þá fer ég í frí. Ég er ekki að fara til Brasilíu því ég ætla að gifta mig á laugardaginn. Það er margt að gerast í vikunni,“ sagði Sverre að lokum en leikirnir við Dani verða í Höllinni á morgun og miðvikudag. - óój



**TÓK VEL Á MEISTURUNUM** Sverre Jakobsson tekur hér á Christian Zeitz í leiknum á móti Kiel. MYND/GETTYIMAGES



**EDDA GARÐARSDÓTTIR** Skoraði með þrumuskoti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sænski kvennafótboltinn

## Glæsimark hjá Eddu í gær

**FÓTBOLTI** Edda Garðarsdóttir tryggði Örebro 1-1 jafntefli á móti Koppabergs/Göteborg í sænsku úrvalsdeildinni í fótbolta í gær og sá um leið til þess að Þóra Björg Helgadóttir og félagar í LdB FC Malmö eru komnar með sex stiga forskot á toppnum.

Mark Eddu var stórglæsilegt en hún skoraði með þrumuskoti af um 25 metra færi. Edda lék allan leikinn með Örebro alveg eins og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir.

Þóra Björg Helgadóttir hélt marki Malmö hreinu í sjöunda sinn á tímabilinu þegar Malmö vann glæsilegan 4-0 útisigur á Umeå IK. Dóra Stefánsdóttir lék ekki með vegna meiðsla.

Guðbjörg Gunnarsdóttir hélt einnig marki Djurgården hreinu þegar liðið gerði markalaust jafntefli á móti nágrönnunum í AIK.

Þær Guðný Björk Óðinsdóttir, Erla Steina Arnardóttir, Katrín Ómarsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir léku allar allan leikinn fyrir Kristianstad sem tapaði sínum öðrum leik í röð nú 0-1 fyrir Hammarby. - óój

## ÚRSLITIN

### *Pepsi-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| FH-Þór/KA | 1-4 |
| 1-0 Jóhanna Steinþóra Gústavsdóttir (17.), 1-1 Elva Friðjónsdóttir (18.), 1-2 Rakel Hönnudóttir (22.), 1-3 Elva Friðjónsdóttir (25.), 1-4 Vesna Smiljkovic (46.) | |

### *1. deild karla*

| | |
|---|---|
| Víkingur-Njarðvík | 1-0 |
| 1-0 Daníel Hjaltason (64.) | |
| KA-HK | 3-3 |
| 1-0 David Disztl (1.), 1-1 Guðmundur Hafsteinsson (29.), 1-2 Aaron Palomares (51.), 2-2 Hallgrímur Mar Steingrímsson (60.), 2-3 Hólmbert Friðjónsson (86.), 3-3 Hallgrímur (90.). | |
| ÍR-Fjarðabyggð | 4-1 |
| 0-1 Hilmar Freyr Bjartþórsson (21.), 1-1 Guðjón Gunnarsson (30.), 2-1 Davíð Már Stefánsson (47.), 3-1 Árni Freyr Guðnason (57.), 4-1 Árni Freyr (75.). | |
| ÍA-Þór | 1-1 |
| 0-1 Atli Sigurjónsson (5.), 1-1 Andri Júlíusson (63.). | |
| Grótta-Fjölnir | 1-2 |
| 0-1 Gunnar Valur Gunnarsson, 0-2 Aron Jóhannsson, 1-2 sjálfsmark. | |

**Upplýsingar** um markaskorara er fengnar frá fótbolta.net.



## PEPSI-DEILD KARLA

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **5** | **4** | **1** | **0** | **6-2** | **13** |
| Fram | 5 | 3 | 2 | 0 | 10-5 | 11 |
| **ÍBV** | **6** | **3** | **2** | **1** | **10-7** | **11** |
| Breiðablik | 5 | 2 | 2 | 1 | 7-4 | 8 |
| **Valur** | **5** | **2** | **2** | **1** | **10-8** | **8** |
| Fylkir | 5 | 2 | 1 | 2 | 11-11 | 7 |
| **Selfoss** | **6** | **2** | **1** | **3** | **10-10** | **7** |
| FH | 5 | 2 | 1 | 2 | 7-8 | 7 |
| **Stjarnan** | **5** | **1** | **3** | **1** | **11-9** | **6** |
| KR | 4 | 0 | 3 | 1 | 5-6 | 3 |
| **Haukar** | **5** | **0** | **2** | **3** | **4-11** | **2** |
| Grindavík | 6 | 0 | 0 | 6 | 3-13 | 0 |

**MARKAHÆSTIR:**

| | |
|---|---|
| **Danni König, Val** | **4** |
| Albert Brynjar Ingason, Fylkir | 3 |
| **Ívar Björnsson, Fram** | **3** |
| Hjálmar Þórarinsson Fram | 3 |
| **Kristinn Steindórsson, Breiðablik** | **3** |
| Halldór Orri Björnsson, Stjarnan | 3 |
| **Jón Guðbrandsson, Selfoss** | **3** |

**NÆSTU LEIKIR:**

| | |
|---|---|
| **Haukar-Breiðablik** | **Í kvöld kl. 19.15** |
| Stjarnan-Keflavík | Í kvöld kl. 19.15 |
| **Fylkir-FH** | **Í kvöld kl. 19.15** |
| KR-Valur | Í kvöld kl. 20.00 |
| **Fram-KR** | **Fim 10. júní Kl. 19.15** |
| ÍBV-Fylkir | Sun. 13. júní 16.00 |

**Selfoss 1-2 Fram**

Selfossvöllur, áhorf.: 1114 — Valgeir Valgeirsson (4)

*1-0 Jón Guðbrandsson (5.)*
*1-1 Joseph Tillen (8.)*
*1-2 Hjálmar Þórarinsson (61.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–8 (3–5) |
| Varin skot | Jóhann 3 – Hannes 2 |
| Horn | 5–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–13 |
| Rangstöður | 1–3 |

| **SELFOSS** 4–3–3 | | **FRAM** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Jóhann Ólafur Sig. | 6 | Hannes Halldórss. | 6 |
| Sigurður Eyberg | 4 | Daði Guðmundsson | 6 |
| Agnar Bragi Mag. | 6 | Kristján Hauksson | 6 |
| Kjartan Sigurðsson | 5 | Jón Orri Ólafsson | 7 |
| Andri Freyr Björnss. | 6 | Sam Tillen | 6 |
| Stefán Ragnar Guðl. | 4 | (76., Tómas Leifss. | -) |
| Ingólfur Þórarinsson | 3 | ***Jón Guðni Fjóluss.** | **8** |
| (65., Einar Orri Ant. | 5) | Jón Gunnar Eysteins. | 5 |
| Jón Guðbrandsson | 6 | Almarr Ormarsson | 6 |
| Arilíus Marteinsson | 6 | Ívar Björnsson | 5 |
| (78., Davíð Birgiss. | -) | Josep Tillen | 4 |
| Jón Daði Böðvarsson | 4 | (90., Kristinn Ingi | -) |
| Sævar Þór Gíslason | 5 | Hjálmar Þórarinsson | 7 |
| (78., Ingi Rafn Ing. | -) | (86. Guðm. Mag. | -) |

**Maður leiksins*

# Eyjamenn dönsuðu Sjómanna-valsinn í Grindavík í gær

**Eyjamenn sigruðu Grindvíkinga einum fleiri í hörkuleik á Sjómannadaginn þar sem varamaðurinn Dennis Sytnik tryggði gestunum sigurinn með þrumufleyg, en liðið komst með honum upp í þriðja sætið.**

**FÓTBOLTI** Eyjamenn sigruðu Grindvíkinga með einu marki er liðin mættust í Pepsi-deild karla í gær.

Leikurinn var jafn til að byrja með og bæði lið fengu fín marktækifæri. Fyrsta mark leiksins kom undir lok fyrri hálfleiks en þar var að verki Eyþór Helgi Birgisson sem fór illa með varnarmann heimamanna og kláraði færið sitt snyrtilega í fjærhornið. Staðan var jöfn í hálfleik en Eyjamenn voru með yfirhöndina er liðin gengu til búningsherbergja.

Það er óhætt að segja að heimamenn hafi vaknað í leikhléi en þeir komu sprækir til leiks í síðari hálfleik. Það þurfti ekki að bíða lengi eftir jöfnunarmarkinu. Matthías Örn Friðriksson skoraði með laglegri hælspyrnu eftir vandræðagang inn í teig gestanna. Grindvíkingar byrjuðu að spila vel eftir markið en eftir klukkutíma leik hvarf von heimamanna. Jóhann Helgason nældi þá í sitt annað gula spjald eftir ljóta tæklingu og þar með vísaði Jóhannes Valgarðsson, góður dómari leiksins, honum réttilega út af.



**NEFBROTINN** Eiður Aron Sigurbjörnsson sver sig í hörkutólaættina úr Eyjum og spilar þrátt fyrir að hafa nefbrotnað á dögunum. Hann er með skrautlegar umbúðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eftir þetta færðist Grindavíkurliðið aftar á völlinn og gestirnir frá Eyjum settu í sóknargírinn. Eftir þungar sóknir og margar marktilraunir kom loks sigurmarkið. Það var varamaðurinn Dennis Sytnik sem að tryggði Eyjamönnum sigurinn, er korter var eftir, með glæsilegu skoti og þar við sat.

Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, var ánægður með sína menn í gær og var létt að landa öllum þremur stigunum.

„Það er mikill léttir að ná þremur stigum hér á móti Grindavík. Við vissum það að þetta væri kannski stór dagur hjá Grindvíkingum, það er búið að vera mikið að gerast hérna og mikil stemning hjá strákunum og öllum í kringum liðið. Við vissum að það yrði mjög erfitt að koma hingað í dag og sigra svo að ég er sáttur með öll stigin," sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, eftir leikinn í gær.

„Þeir gátu alltaf dottið inn með mark og ég hafði það á tilfinningunni að þeir gætu skorað og voru svo ekkert langt frá því. En auðvitað vorum við miklu betri aðilinn í leiknum og sköpuðum okkur miklu fleiri færi, en það er ekki nóg þú verður að nýta þau," bætti Heimir við. Hann var ánægður með spilamennskuna og hrósar sóknarleiknum en fannst þetta þó ekki hafa verið besti leikur sumarsins hjá liðinu.

„Mér finnst við vera að spila fínan bolta og áttum nokkrar flottar sóknir í leiknum. Þetta var kannski ekki besti leikurinn okkar en við kláruðum dæmið. Við erum með ágætishóp og engin ástæða til þess hafa áhyggjur af framhaldinu," sagði Heimir ánægður í leikslok.

- rog



**BESTI MAÐUR VALLARSINS** Tryggvi Guðmundsson bar fyrirliðabandið í forföllum Andra Ólafssonar og leiddi sína menn til sigurs í Grindavík FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GRINDAVÍK 1-2 ÍBV**

*0-1 Eyþór Helgi Birgisson (38.)*
*1-1 Matthías Örn Friðriksson (48.)*
*1-2 Dennis Sytnik (76.)*

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 853
Jóhannes Valgeirsson (8)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–19 (5–7) |
| Varin skot | Rúnar 4 – Albert 4 |
| Horn | 5–9 |
| Aukaspyrnur fengnar | 6–15 |
| Rangstöður | 6–6 |

**Grindavík 4–5–1** Rúnar Dór Daníelsson 5 - Ray Anthony Jónsson 4, Auðun Helgason 5, Marko Valdimar Stefánsson 5 (72,. Loic Ondo 5), Jósef Kristinn Jósefsson 5 - Jóhann Helgason 3, Matthías Örn Friðriksson 6, Orri Freyr Hjaltalín 5, Alexander Magnússon 4 (80,. Guðmundur Egill Bergsteinsson - ) Grétar Hjartarson 5 (72,. Óli Baldur Bjarnason 4 ) - Gilles Ondo 6

**ÍBV 4–4–2** Albert Sævarsson 5 - James Hurst 5, Matt Garner 6, Finnur Ólafsson 6, Þórarinn Ingi Valdimarsson 5 - Ásgeir Aron Ásgeirsson 5 (62,. Dennis Sytnik 6 ), Eiður Aron Sigurbjörnsson 6, Tonny Mawejje 6 (82,. Arnór Eyvar Ólafsson - ), Rasmus Christiansen 5 - Eyþór Helgi Birgisson 6 (76,. Yngvi Borgþórsson - ) ***Tryggvi Guðmundsson 7**


SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

**Eru strandsiglingar hagkvæmar?**

**Morgunverðarfundur miðvikudaginn 9. júní**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra boðar til morgunverðarfundar um strandsiglingar miðvikudaginn 9. júní klukkan 8.15 til 10.45 á Grand hóteli í Reykjavík.

**Dagskrá**
- Niðurstöður starfshóps um mat á hagkvæmni strandflutninga kynntar.
- Fulltrúar úr flutningageiranum og hagsmunaaðila viðra sjónarmið sín.
- Umræður og fyrirspurnir.
- Samantekt.

Kostnaður er kr. 1.850 og greiðist við innganginn, morgunverðarhlaðborð innifalið.

Þátttaka óskast tilkynnt á netfangið: postur@sam.stjr.is í síðasta lagi þriðjudaginn 8. júní. Vinsamlegast skráið nafn og vinnustað


Hjálmar Þórarinsson tryggði Fram 2-1 sigur á Selfossi og annað sætið í deildinni:

# Seiglusigur Framara á Selfossi

**FÓTBOLTI** Fram er lið sem aldrei skal afskrifa og það hefur liðið sannað í útileikjum sínum til þessa. Eftir að hafa lent undir snemma leiks á Selfossi í gær kom liðið til baka og vann á endanum 2-1 sigur. Framliðið náði þar aftur í annað sætið af Eyjamönnum sem höfðu setið þar í þrjá tíma eftir 2-1 sigurinn í Grindavík.

„Við undirbjuggum okkur vel og vorum tilbúnir í leikinn. Uppskeran var eftir því," sagði Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Framara. Jón Guðbrandsson kom heimamönnum yfir en Framarar svöruðu, ekki löngu síðar.

„Við jöfnuðum í 1-1 með mjög góðu marki, það var góð hreyfing á öllu liðinu. Eftir að við komumst yfir í seinni hálfleiknum fannst mér þetta bara spurning um hvort við næðum að bæta við þriðja markinu. Við náðum öllum völdum á vellinum og létum boltann rúlla vel á jörðinni."

Leikurinn var fjörlegur og Selfyssingar ógnuðu marki Fram af krafti í fyrri hálfleiknum. Það var þó mikil værð yfir liðinu í seinni hálfleik og bláklæddir gestirnir með öll völd. Það var í raun bara tímaspursmál hvenær þeir næðu að komast yfir.

„Við getum tekið ýmislegt úr þessum leik," sagði Guðmundur Benediktsson, þjálfari Selfyssinga. „Mér fannst við geysibeittir og öflugir í fyrri hálfleiknum og fengum fjölmörg færi gegn sterku Framliði. Við nýttum þau ekki og var síðan refsað fyrir það."

Hann segir að upphafskafli seinni hálfleiksins hafi ráðið úrslitum en á þeim kafla voru heimamenn á hælunum. „Mark frá þeim lá í loftinu frá því að flautað var til seinni hálfleiks. Það kom mér gríðarlega á óvart þar sem við vissum að við þyrftum að leggja enn meira á okkur í seinni hálfleiknum. Þau skilaboð virðast þó ekki hafa komist til skila," sagði Guðmundur.

Margir leikmanna Selfyssinga mótmæltu sigurmarki Framara þar sem þeir töldu Hjálmar Þórarinsson hafa verið rangstæðan. „Ég sá þetta ekki vel en það voru grunsamlega margir sem báðu um rangstöðu. Aðstoðardómarinn tjáði mér að hann hafi verið réttstæður og ég verð bara að trúa því."

Almarr Ormarsson, leikmaður Framara, var ánægður með sigurinn. „Við vorum lengi að átta okkur alveg á gervigrasinu, það er kannski klisja en boltinn skoppar öðruvísi á gervigrasi. Við vorum betri aðilinn í fyrri hálfleik og hefðum getað skorað fleiri mörk," sagði Almarr. - egm



**MIKILVÆGT MARK** Hjálmar Þórarinsson hefur tryggt Fram fjögur stig út úr tveimur síðustu leikjum. Hann skoraði tvö mörk á lokamínútunum í 2-2 jafntefli á móti Fylki í Árbæ í leiknum á undan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FRÁBÆRT VERÐ
## Í HÚSASMIÐJUNNI



tekur 7kg

1400 snúninga

97.900

Electrolux

Electrolux 5 ára ábyrgð

Þvottavél
1400 snúninga, tekur 7 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805446



tekur 7kg

Krumpuvörn

67.900

Electrolux

Electrolux 5 ára ábyrgð

Þurrkari
Tekur 7 kg,13 kerfi, rakaskynjari,
krumpuvörn.
1805423



5 ára ábyrgð

TILVALIN Í SUMARBÚSTAÐINN

54.900
~~65.486~~

Eldavél Amica
50 sm hvít m/steyptum hellum.
Orkunýting A.
1850516

Amica



93.400
~~116.900~~

Electrolux 5 ára ábyrgð

Blástursofn burstað stál
59.4x59.4x56.7 sm
8 kerfi, þrefalt gler í hurð, barnalæsing.
1830118



Amica

95.900
~~152.370~~

5 ára ábyrgð

Spanhelluborð Amica
57.6x51.8x5 sm. 4 hitasvæði.
1850549



Amica

99.900
~~125.890~~

5 ára ábyrgð

Blástursofn og helluborð
Ofn: 51 ltr, 8 hitastillingar,
ofnagrind, rafstýrð klukka
1850495



Salerni
Cersanit Scandinavia
Með setu og veggstút.
8077532

23.990



6.800
~~8.995~~

Handlaug Cersanit Eco
Vegghengd
8077605



9.900

Eldhúsvaskur
780x430 mm
8032532

Látum verkin tala!

HÚSASMIÐJAN

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.



> Matthew Fox

„Ef maður skoðar tré mjög náið tekur maður eftir öllum hnútunum og dauðu greinunum, alveg eins og með líkama okkar. Þá skilur maður að fegurð og ófullkomleiki fara vel saman."

***Matthew Fox fer með hlutverk í þættinum Lífsháski sem sýndur er í Sjónvarpinu kl. 21.15.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR TEKUR MARK Á ÞORSTEINI J.

# *Nauðsynleg innsetning*

Æska mín og uppvöxtur liðu án þess að ég kynntist vinsælustu íþrótt heims, fótbolta. Það má vel vera að ég hafi séð brot úr leikjum, en ekki er það mér minnisstætt. En árið 1998 gerðust þau undur og stórmerki að ég, sem hafði reyndar álitið fótbolta leiðinlegan fram að því, fór að fylgjast með heimsmeistarakeppninni í fótbolta. Eftir það var ekki aftur snúið – ég fylgist með HM og skil eiginlega ekki hvernig hægt er að láta það vera.

Það er gaman að horfa á leikina, velja sér uppáhaldslið, spá í réttlæti og ranglæti inni á vellinum og njóta fagurfræði fótboltans.

Vegna þess hversu langt líður á milli þess að ég fylgist með þá veit ég ekkert um liðin er að keppni kemur og þá kemur sér vel að enn eina stórkeppnina stjórnar Þorsteinn J. Vilhjálmsson þáttum sem leiða okkur áhorfendur í allan sannleik um liðin á HM. Ég er mjög ánægð með Þorstein í hlutverki þáttastjórnanda í fótboltaþáttum. Hann er frábær í því hlutverki og gerir fótbolta mjög áhugaverðan fyrir okkur sem fylgjumst alla jafna ekki með sportinu.



Í hringborði með Þorsteini eru í ár Pétur Marteinsson, Auðunn Helgason, Hjörvar Hafliðason og Hjörtur Júlíus Hjartarson. Þó að þessir náungar séu ágætir þá hefði alveg mátt velja kvenkyns fótboltaspekúlanta með í hópinn, nóg er til af þeim og tvær góðar, Halla Gunnarsdóttir og Þóra Arnórsdóttir, hafa reyndar birst reglulega á skjánum í þáttunum sem er gott.

Síðasti þátturinn birtist á morgun og þá er ekkert annað að gera en að setja sig í stellingar fyrir geðveikina sem hefst á föstudag. En þó að ég eigi ekki eftir að sakna lélegra framhaldsþátta og enn verri bíómynda sem standa áhorfendum alla jafna til boða á sumrin hjá RÚV þá geri ég samt athugasemd við það að ríkissjónvarpið sé lagt undir fótboltann. Mér þykir eitthvað bogið við að leggja ríkissjónvarpið undir íþróttir og hefði þótt eðlilegra að leikirnir væru sýndir á sér rás.

## MÁNUDAGUR



▶ **19.45 Pepsí deildin. KR-Valur** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Lífið** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10 Glee** STÖÐ 2



▶ **21.40 CSI** SKJÁREINN



▶ **23.20 Twenty Four** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Stiklur - Í Austurdal (e)**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Leiðin á HM (15:16)(e)**
**18.00 Pálína (39:56)**
**18.05 Herramenn (26:52)**
**18.15 Pósturinn Páll (25:28)**
**18.30 Eyjan (15:18) (Øen) Leikin dönsk þáttaröð.**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Lífið (10:10) (Life: Primatar) Breskur heimildarmyndaflokkur. Í myndaflokknum segir David Attenborough frá nokkrum óvenjulegustu, snjöllustu, furðulegustu og fegurstu aðferðunum sem dýrin og plönturnar hafa komið sér upp til að halda lífi og fjölga sér.**
**21.00 Lífið á tökustað (10:10) (Life on Location)**
**21.15 Lífsháski (Lost VI) Bandarísk-ur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.**
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Íslenski boltinn Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótbolta.**
**23.00 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives) (e)**
**23.45 Kastljós (e)**
**00.15 Fréttir (e)**
**00.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 Rocky Balboa**
**08.00 Match Point**
**10.00 Tenacious D. in The Pick of Destiny**
**12.00 Stomp the Yard**
**14.00 Match Point**
**16.00 Tenacious D. in The Pick of Destiny**
**18.00 Stomp the Yard**
**20.00 Rocky Balboa**
**22.00 Hot Rod**
**00.00 The Reaping**
**02.00 Lemming**
**04.10 Hot Rod**
**06.00 Half Nelson**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn, Krakkarnir í næsta húsi
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Eldsnöggt með Jóa Fel** (5:12)
**10.50 Cold Case** (2:22)
**11.45 Falcon Crest** (18:18)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Worst Week** (2:16)
**13.20 Catch and Release**
**15.10 ET Weekend**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Saddle Club, A.T.O.M., Apaskólinn
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar 17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (5:24) Eftir mikið djamm í Las Vegas samþykkir Charlie treglega til að fara á einn af fótboltaleikjum Jake. Alan og Charlie eru hins vegar fljótir að átta sig á kostunum við að sækja fótboltaleiki drengsins.
**19.45 How I Met Your Mother** (3:22)
▶**20.10 Glee** (14:22) Frumleg og skemmtileg gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.
**20.55 Impact** (1:2) Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Öll heimsbyggðin fylgist með stórkostlegu stjörnuhrapi þegar loftsteinn rekst á tunglið og brot úr því stefnir nú á ógnarhraða til jarðar. Sérfræðingar hafa nú fáeina daga til þess að koma í veg fyrir að hættuástandið breytist í heimsendi.
**22.30 Supernatural** (14:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.
**23.10 Bones** (17:22)
**23.55 Curb Your Enthusiasm** (6:10)
**00.25 Hear and Now**
**01.50 Sunshine**
**03.35 Catch and Release**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 NBA körfuboltinn. NBA 2009/2010 - Finals Games** Útsending frá leik í lokaúrslitum NBA körfuboltans.
**15.45 The Memorial Torunament** Útsending frá lokadegi The Memorial Tournament en mótið er hluti af PGA mótaröðinni.
**18.45 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
▶**19.45 KR - Valur** Bein útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**22.00 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
**23.00 Miðfjarðará** Að þessu sinni verður veitt í hinni gjöfulu og skemmtilegu Miðfjarðará.
**23.30 KR - Valur** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**01.20 Pepsímörkin 2010**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**19:00 PL Classic Matches: Tottenham - Southampton, 1999**
**19:30 PL Classic Matches: Man United - Chelsea, 1999**
**20:00 Football Legends** Næstur í röðinni en hinn magnaði Raul, leikmaður Real Madrid á Spáni en í þessum magnaða þætti verða afrek þessa frábæra leikmanns skoðuð og skyggnst verður á bak við tjöldin.
**20:30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**21:00 Chelsea - Arsenal** Útsending frá leik Chelsea og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**22:40 Everton - West Ham** Útsending frá leik Everton og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil (e)**
**08.45 Rachael Ray (e)**
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Top Chef** (1:17) (e) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu. Yfirskrift fyrsta þáttarins er „4-Star All-Stars" og þar snúa átta kokkar úr fyrstu tveimur þáttaröðunum aftur og keppa um peningaverðlaun sem renna til góðgerðarmála.
**19.00 The Real Housewives of Orange County** (9:12)
**19.45 King of Queens** (2:22)
**20.10 Melrose Place** (18:18) Glæný og spennandi þáttaröð um ungt fólk sem býr í sömu byggingu í Los Angeles.
**20.55 Three Rivers** (1:13) Dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum. Dr. Andy Yablonski fer fyrir einvala liði sérfræðinga á einu fremsta sjúkahúsi Bandaríkjanna í líffæraígræðslum. Í hverjum þætti er tvinnað saman nokkrum sögum þar sem fylgst er með örlögum líffæragjafanna og sjúklinganna sem eru á síðasta snúningi og þurfa nauðsynlega á líffæragjöf að halda.
▶**21.40 CSI** (15:23) Ungur drengur er myrtur og rannsóknardeildin finnur gögn sem tengja málið við gamalt mál.
**22.30 Jay Leno**
**23.15 Californication** (11:12) (e) Bandarísk þáttaröð með David Duchovny í aðalhlutverki.
**23.50 Law & Order: UK** (5:13) (e)
**00.40 King of Queens** (2:22) (e)
**01.05 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.
**20.30 Golf fyrir alla** Golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni.
**21.00 Frumkvöðlar** Þáttur um frumkvöðla fyrir alla frumkvöðla í umsjón Elínóru Ingu Sigurðardóttur.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# Röddin

SKRÁNING ER HAFIN Á RODDIN.IS

## SÖNGKEPPNI FYRIR BÖRN OG UNGLINGA Á ALDRINUM 12-16 ÁRA

Sigga Beinteins og María Björk standa fyrir söngkeppni fyrir börn og unglinga á aldrinum 12–16 ára í sumar. Keppnin verður haldin á 7 stöðum um land allt og hlýtur sigurvegarinn titilinn Röddin 2010. Úrslitakeppnin fer fram í Reykjavík í haust.

**Geisladiskur** með lögum keppninnar fæst í verslunum N1 um land allt – og gildir jafnframt sem þátttökugjald. Diskurinn inniheldur 25 frábær lög án söngs. Veldu þér þitt uppáhaldslag og sláðu í gegn á sviðinu!

**VIÐ VERÐUM Á STAÐNUM:**

Reykjavík 19.– 20. júní
Ólafsvík 27. júní
Vestmannaeyjar 3.– 4. júlí
Ísafjörður 10.– 11. júlí
Neskaupstaður 17.– 18. júlí
Selfoss 24.– 25. júlí
Akureyri 31. júlí – 1. ágúst

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### Impact



Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Öll heimsbyggðin fylgist með stórkostlegu stjörnuhrapi þegar loftsteinn rekst á tunglið og brot úr því stefnir á ógnarhraða til jarðar. Sérfræðingar hafa fáeina daga til þess að koma í veg fyrir að hættuástandið breiðist út í heimsendi. Leikstjóri: Mike Rohl Leikarar: Natasha Henstridge; David James Elliott; Benjamin Sadler

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Three Rivers
### Skjáreinn kl. 20.55

Dramatísk þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum. Dr. Andy Yablonski fer fyrir einvala liði sérfræðinga í líffæraígræðslum. Í hverjum þætti er fylgst með örlögum líffæragjafanna og sjúklinganna sem eru á síðasta snúningi og þurfa nauðsynlega á líffæragjöf að halda.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Hér
**15.25** Fólk og fræði
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**19.00** Silfuröld revíunnar
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.10** Orð kvöldsins
**22.25** Girni, grúsk og gloríur
**23.15** Lostafulli listræninginn
**23.50** Þjóðsagnalestur
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 E.R.** (1:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Cold Case** (22:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félaga hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

**22.35 The Mentalist** (21:23)

**23.20 Twenty Four** (19:24)

**00.05 The Doctors**

**00.50 E.R.** (1:22)

**02.00 Fréttir Stöðvar 2**

**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**13.10** My Hero **13.40** Absolutely Fabulous **14.10** Absolutely Fabulous **14.40** The Weakest Link **15.25** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** Gavin and Stacey **18.30** Hotel Babylon **19.20** Mistresses **20.10** Gavin and Stacey **20.40** The Weakest Link **21.40** Dalziel and Pascoe **22.30** Gavin and Stacey **23.00** Hotel Babylon

## DR 1

**12.00** Kender du typen **12.30** Kæft, trit og knus **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** That's So Raven **14.30** Leon **14.35** Splint & Co **15.00** F for Får **15.05** Landet for længe siden **15.30** Karlsson på taget **16.00** Når Tigeren får bistandshjælp **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Søren Ryge præsenterer **18.00** Livets planet **18.50** Bagom Livets planet **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.30** OBS **21.35** Vejrets magt

## NRK 1

**11.45** Norge rundt **12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Svenske dialektmysterium **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Gjensyn med Billedbrev fra Norge **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Puls **18.15** Måltidet jeg aldri glemmer **18.45** Tradisjonshandverk. Smed Terje Granås **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Miss Marple. Nemesis **21.05** Kveldsnytt **21.20** Krøniken **22.20** Det hvite nabolaget

## SVT 1

**10.35** Trädgårdsfredag **11.05** Nationaldagen 2010 från Göteborg **12.05** Nationaldagen 2010 - Tapto från slottet **12.30** Banketten **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Plus - de första 23 åren **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Det goda livet **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Kronprinsessan och kungariket **19.00** Det kungliga bröllopet **19.30** Harry och Charles **20.20** Efter lugnet **22.00** STCC **22.55** Kören **23.55** Blått blod


ENNEMM / SÍA / NM41248

# Sjóðir sem bera ávöxt

Enginn munur á kaup- og sölugengi fram til 1. júlí

### Fjölbreyttar sparnaðarleiðir

Landsbankinn býður úrval ríkisskuldabréfa-, skuldabréfa- og hlutabréfasjóða, þar sem stórir og litlir fjárfestar geta ávaxtað fé sitt. Síðastliðið ár skiluðu sjóðirnir betri ávöxtun en innlánsreikningar. Fé í sjóðum má alltaf innleysa.

### Sjóðir í áskrift

Sjóðir henta vel fyrir reglubundinn sparnað. Viðskiptavinir njóta þess að enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift. Í hverjum mánuði hljóta tveir heppnir viðskiptavinir 20.000 kr. viðbót við eign sína. Dregið verður úr nöfnum þeirra sem hafa verið í áskrift að sjóðum í að minnsta kosti eitt ár.




FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4040

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

Rekstrarfélag sjóðanna er Landsvaki hf. og vörslufélag þeirra er NBI hf. (Landsbankinn). Sjóðirnir eru starfræktir í samræmi við l. nr. 30/2003 og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst almennt áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar má finna í útboðslýsingum sjóða og útdráttum úr þeim á landsbankinn.is og á landsvaki.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér vel útboðslýsingar sjóða áður en fjárfest er í þeim.

* Nafnávöxtun sl. 12 mánuði m.v. 28. maí 2010

1. Sjóðurinn er verðbréfasjóður.
2. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður.
3. Sjóðurinn er í evrum. Vegna gjaldeyrishafta er ekki mögulegt að fjárfesta í sjóðum sem skráðir eru í erlendri mynt nema um endurfjárfestingu sé að ræða.

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst Icelandic Fish & Chips æðislegur.“*

Margrét Kaaber, millistjórnandi Listahópa Hins hússins

# Pétur Jóhann vill Jón Gnarr í Fjörðinn

„Mér líst bara vel á þetta, ég bý náttúrulega í Hafnarfirði þannig að þetta kemur mér í sjálfu sér ekkert við,“ segir Pétur Jóhann Sigfússon. Hann sá það fyrir að Besta flokknum myndi ganga jafnvel og raun bar vitni því það sé einfaldlega í eðli Jóns að gera hlutina af fullum krafti, alltaf.

Jón Gnarr sest í borgarstjórastólinn þann 15. júní og það kemur Pétri Jóhanni ekkert ofsalega mikið á óvart. „Jón langaði einu sinni í myndavél þegar við vorum að gera vaktaseríurnar. Hann meðhöndlaði allar myndavélar sem hann komst í, hjá tökuliðinu, búningafólkinu. Og spurði alla hver væri besta myndavélin. Þegar hann svo loksins fékk sér myndavél sjálfur þá var hún auðvitað langflottust,“ útskýrir Pétur og bætir við að hið sama hafi átt við þegar verðandi borgarstjóri uppgötvaði að Bjarkarlundur, hótelið þar sem Dagvaktin var tekinn upp, væri netlaus. „Hann linnti ekki látum fyrr en það var komið netsamband.“

Pétur og Jón léku sennilega eitt eftirminnilegasta sjónvarpspar Íslandssögunnar, hnakkann Ólaf Ragnar og sérvitringinn Georg Bjarnfreðarson. Ein af eftirminnilegustu senum þáttaraðanna er án nokkurs vafa þegar Georg les yfir hausamótunum á Ólafi fyrir að hafa kosið Sjálfstæðisflokkinn gegn pizzum og bjór. Pétur Jóhann segist óska þess að Jón Gnarr fari með Besta flokkinn í útrás um allt land. „Hann væri allavega fínn bæjarstjóri í Hafnarfirði, kannski bara sem landsstjóri yfir öllu landinu.“ -fgg



**EFTIRMINNILEGT SJÓNVARPSPAR** Pétur Jóhann og Jón Gnarr léku eitt eftirminnilegasta sjónvarpspar seinni tíma, þá Ólaf Ragnar og Georg Bjarnfreðarson.



**LÁRÉTT** 2. tún, 6. skammstöfun, 8. hár, 9. mánuður, 11. 999, 12. stöðvun, 14. reika, 16. sjó, 17. dýrahljóð, 18. ennþá, 20. borðaði, 21. merki.
**LÓÐRÉTT** 1. án, 3. tvíhljóði, 4. planta, 5. angan, 7. gola af hafi, 10. strá, 13. tunnu, 15. arða, 16. er, 19. númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. hagi, 6. eh, 8. ull, 9. maí, 11. im, 12. aflát, 14. ramba, 16. sæ, 17. urr, 18. enn, 20. át, 21. mark.
**LÓÐRÉTT:** 1. nema, 3. au, 4. glitbrá, 5. ilm, 7. hafræna, 10. íla, 13. ámu, 15. arta, 16. sem, 19. nr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Patreksfirði
2. Kiel
3. Steingrímur Eyfjörð


ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is


HERA BJÖRK: ÞAÐ ER LÍF EFTIR 19. SÆTIÐ

# Hommablað segir Heru hafa verið rænda sigrinum

Blaðamaður eins stærsta hommablaðs heims, Gay Times, fullyrðir á bloggi blaðsins að Hera Björk hafi verið rænd sigrinum í Eurovision. Íslenska söngkona sé það besta sem hafi komið fyrir samkynhneigða menningu og tónlist í langan tíma. Íslenska lagið, Je ne sais Quoi, hafi verið besta lagið í keppninni og það sé næstum óskiljanlegt af hverju hún hafi ekki verið ofar. Þá hrósar hann myndbandi lagsins í hástert. Hera Björk segir sjálf mikið líf eftir 19.sætið í Ósló, samkynhneigða menningarsenan hafi óskað eftir kröftum hennar og henni hafi nú þegar borist boð um að syngja í Gay Pride-göngum í Berlín, Munchen, Svíþjóð og New York.

Fréttablaðið ræddi stuttlega við blaðamanninn Bob Thompson sem fór fyrir hönd blaðsins á Eurovision. Hann segir eina ofureinfalda ástæðu fyrir því af hverju íslenska lagið fékk ekki fleiri stig. „Allir vita að atkvæðagreiðslan í Eurovision er byggð á kunningsskap þjóða. Og það kemur Íslandi aldrei vel. Svo þegar jafn virtir Eurovision-lýsendur og Graham Norton gera gys að Íslandi þá geri ég ráð fyrir því að áhorfendur heima í stofu hafi fyrst og fremst hlustað á brandarana hans en ekki lagið,“ segir Bob sem spáir því að lagið eigi eftir að njóta mikillar hylli á skemmtistöðum fyrir samkynhneigða. Eins og Fréttablaðið greindi frá skömmu fyrir keppni þá virtist Hera Björk hafa unnið heitustu aðdáendur Eurovision-keppninnar á sitt band en þeir eru flestir samkynhneigðir karlmenn. Bob segir enga eina skýringu á því af hverju Hera sé elskuð af þessum hópi. „Án þess að vilja ýta undir einhverjar staðalímyndir þá elska hommar dívur. Hera er slík díva að



**ELSKUÐ AF HOMMUM** Hera Björk er elskuð af samkynheigðu senunni eftir frammistöðu sína í Eurovision. Blaðamaður hommablaðsins Gay Times fullyrðir að Hera hafi verið rænd sigrinum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

hún nær þessari nærveru, glæsileika og kraftmiklu rödd án þess að vera yfirlætisleg. Sem gerir hana að dívu. Svo er lagið líka algjör snilld.“

Hera Björk er fyllilega meðvituð um að þessi hópur hugsi hlýlega til hennar. Það sjáist best á þeim tilboðum um tónleikahald sem hún hafi fengið að undanförnu. „En það eru ekki bara hommar heldur hef ég fengið tölvupósta í gegnum heimasíðuna mína frá húsmæðrum sem eru ákaflega þakklátar fyrir það sem mér tókst og sjá í því ákveðið tækifæri,“ segir Hera en eins og áður segir hefur hún verið beðin um að troða upp á gleðigöngum um alla Evrópu og í Bandaríkjunum. Hera er á leiðinni til Hollands um næstu helgi að syngja á risastórri tónlistarhátíð og hún segist finna fyrir miklum meðbyr. „Samkynhneigðir hafa bara einfaldlega góðan smekk. Þetta er stór markaður og ekki má gleyma því að þetta er fólk sem á peninga og kaupir plötur.“ freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Valdimar Svavarsson**, oddviti sjálfstæðismanna í Hafnarfirði, gerði góða hluti á árlegu golfmóti bæjarstarfsmanna sem fram fór á Hvaleyrarholtsvelli. Valdimar þykir nokkuð liðtækur kylfingur en hann hafnaði í þriðja sæti og þakkaði pent fyrir sig við verðlaunaafhendingu. Valdimar er bróðir Ólafs Más Svavarssonar sem á hlut í ferðaskrifstofunni elvesandtrolls.is með Birni Inga Hrafnssyni.



Og það ríkir mikil spenna um hverjir fá formennsku í nefndum Reykjavíkurborgar eftir að meirihluti Samfylkingar og Besta flokksins kynnti samstarf sitt. **Dr. Gunni** hefur verið áberandi í meirihlutaviðræðum flokkanna tveggja og var meðal þeirra sem kynnti nýja borgarstjórnarmeirihlutann uppá Æsufellsblokkinni. Dr. Gunni hlýtur að vera kjörinn í menningar-og ferðamálaráð eftir að hafa verið andlit Iceland Express um nokkurt skeið.

Hinir menningasinnuðu fulltrúar Besta flokksins hljóta jafnframt að renna hýru auga til nefnda og ráða á borð við Listahátíðarnefnd og Íþrótta-og tómstundaráðs en hún fer einmitt með málefni fjölskylduog húsdýragarðsins sem hefur verið flokknum alveg sérstaklega hugleikinn og þá sérstaklega sú ósk hans að fá ferðaþreyttan **ísbjörn** í endurhæfingu. - fgg








# Systur framleiða stjörnuspil

„Fræga fólkinu finnst þetta svakalega sniðugt og við gefum öllum eintak af sínu spili,“ segir Halldóra Jónsdóttir.

Halldóra og systir hennar Þórhildur Bergljót Jónasdóttir hafa útbúið rúmlega 80 stjörnuspil með myndum af frægum Íslendingum. Halldóra segir þær systur hafa lítinn áhuga á fótboltamyndunum sem eru í boði og hafi því ákveðið að fara í eigin útgerð. Ásamt myndum af fólkinu gefa systurnar því einkunn á spilunum eftir fegurð og hæfileikum á leik- og söngsviðinu.

„Við ætluðum bara að hafa 40 spil, en svo þurftum við alltaf að bæta fleirum við vegna þess að við föttuðum að fleiri væru frægir,“ segir Halldóra. „Við enduðum í 80 og ákváðum að gera ekki fleiri. En við erum ennþá að fatta hverjum við gleymdum.“

Á meðal þeirra sem systurnar hafa tekið fyrir eru Unnur Ösp og Björn Thors, en þau fá bæði háar einkunnir fyrir fegurð og leiklistarhæfileika - þó að Unnur sé reyndar talin ögn sætari.



**ÁRITUÐU MYNDIR** Unnur Ösp og Björn Thors hafa bæði áritað mynd af sér.



**ATHAFNASYSTUR** Systurnar Halldóra og Bergljót frá Bolungarvík með spilin góðu.

Þau eru meðal þeirra sem hafa svarað kalli systranna um að árita myndirnar. „Það eru 48 búnir að segja já. Það eiga einhverjir eftir að svara eða nenna þessu ekki,“ segir Halldóra. „Við sendum spilin útprentuð í pósti og þau senda svo til baka þegar þau eru búin að skrifa á þau.“ - afb




allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
*í 22 ár*
1988-2008

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar

KORTER - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson




## Nýtt og enn öflugra

**System +** fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-




**Flex Max belti** fyrir kviðvöðva dömu og herra
kr. 24.900,-

**Flex belti** fyrir kviðvöðva dömu og herra
kr. 19.900,-

System dömu / herrapakki - belti + armar **kr. 39.900,-**
System dömupakki - belti + buxur **kr. 44.990,-**

20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Pósthúsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Enn af jarðarberinu



Jarðarberið, nýr rafmagnsráðherrabíll Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra, er lítill og nettur. Hann er jafnvel enn minni en Toyota Aygo bíllinn sem hún á sjálf. Katrín er sögð hæstánægð með nýja bílinn sem er knár þótt hann sé smár og með stýrið öfugu megin. Hún hitti á dögunum Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og benti henni stolt á nýja bílinn og spurði hvað henni fyndist um hann. Eftir smáumhugsun svaraði Jóhanna: „Hann er Kötulegur." Svo er bara spurningin hvort það er gott eða slæmt.



### Í góðum félagsskap

Íslenski matreiðslumeistarinn **Agnar Sverrisson** hefur verið að gera góða hluti í London með veitingastaðnum sínum Texture sem hlaut nýverið hina virtu Michelin-stjörnu. Þótt íslenska „potuliðið" sé kannski ekki jafn áberandi á veitingastaðnum og áður þá er staðurinn feikilega virtur. Agnar var í viðtali við sunnudagsútgáfu Independent ásamt veitingastaðagoðsögninni Raymond Blanc. Blanc hafði fátt nema gott um Agnar að segja nema þá kannski helst að honum fannst Íslendingurinn blóta of mikið. -fgg



## Mest lesið vísir.is

1. Jón Gnarr: Erum ekki á móti Sjálfstæðisflokknum
2. Barnahús að íslenskri fyrirmynd opni um alla Evrópu
3. Ísraelar gera grín að fórnarlömbunum
4. Segir Samfylkinguna gleypa Vinstri græna
5. Um 500 störf hafa glatast vegna hestapestarinnar




Amerískuævintýrið er byrjað, komdu með!

NEW YORK, NEW YORK!



Bókaðu núna!

– og miklu lengra ef þú vilt!

Það er akkúrat hárréttur tími til að bóka flug til New York núna, því við bjóðum fjölda flugsæta á frábæru verði, **frá 24.900 kr.***

Flugvöllurinn okkar í Newark er tilvalinn fyrir þá sem vilja fara lengra, því **þægilegt er að fá tengiflug** þaðan. Flugvöllurinn er sérlega **vel skipulagður** og aðeins tekur um **20 mínútur** að komast til og frá Manhattan í lest. Einnig er gott úrval af flugvallarhótelum í grennd, s.s. **Marriott, Hilton, Sheraton og Best Western**.



Verð frá:
24.900 kr.

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.




Kynntu þér kostina og bókaðu flug til New York á betra verði á www.icelandexpress.is

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is